

# FJÖLRITE NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR



Bergþór Jóhannsson

## UNDAFÍFLAR Á NÝ

# FJÖLRITE

## NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

---

Fjöлrit Náttúrufræðistofnunar er ritröð sem hóf göngu sína árið 1985.

Birtar eru greinar og skýrslur eftir starfsmenn stofnunarinnar og fræðimenn sem vinna í samvinnu við þá. Í hverju hefti er ein sjálfstæð grein um náttúrufræði. Útgáfan er óregluleg. Greinar eru ritaðar á íslensku með enskum útdrátti. Þær mega einnig vera á ensku en þá skal ávallt fylgja ítarlegur útdráttur á íslensku.

---

### Ritstjóri:

Erling Ólafsson

Netfang: [erling@ni.is](mailto:erling@ni.is)

### Kápumynd:

Klausturfífill (*Hieracium anglicum*)

Teikning: Bergþór Jóhannsson

### Útgefandi:

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

<http://www.ni.is>

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 5900500 Bréfasími 5900595 [ni@ni.is](mailto:ni@ni.is)

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 4600500 Bréfasími 4600501 [nia@ni.is](mailto:nia@ni.is)

**Fjöлritun:** Prentstofan Stell ehf. Akureyri.

© Náttúrufræðistofnun Íslands

ISSN 1027-832X

**EFNISYFIRLIT**

ÁGRIP	4
INNGANGUR	5
FORSAGA	7
1. HLUTI	8
Skeggfifill - <i>Hieracium pullicalicitum</i>	8
Blettafifill - <i>Hieracium stictophyllum</i>	9
Brekkusifill - <i>Hieracium macrocomum</i>	10
Skallafifill - <i>Hieracium demissum</i>	11
Kögurififill - <i>Hieracium phrixoconum</i>	12
Glæsififill - <i>Hieracium elegantiforme</i>	14
Skrautfifill - <i>Hieracium thulense</i>	16
2. HLUTI	17
Stöðvarfifill - <i>Hieracium stoevarensse</i>	17
Klausturfifill - <i>Hieracium anglicum</i>	17
Tigulfifill - <i>Hieracium arctocerinthe</i>	18
Hærufifill - <i>Hieracium leucodetum</i>	19
3. HLUTI	21
Holtafifill - <i>Hieracium microdon</i>	21
4. HLUTI	23
Runnafifill - <i>Hieracium holopleurum</i>	23
5. HLUTI	26
Hlíðafifill - <i>Hieracium thaectolepium</i>	26
Merkurififill - <i>Hieracium acidotooides</i>	29
Vallafifill - <i>Hieracium cretatum</i>	30
Arinfifill - <i>Hieracium aquiliforme</i>	32
6. HLUTI	34
Ingimarsfifill - <i>Hieracium arrostocephalum</i>	34
Kvíslififill - <i>Hieracium magnidens</i>	35
Vargsfifill - <i>Hieracium lygistodon</i>	37
Vinafifill - <i>Hieracium stroemfeltii</i>	40
Fellaififill - <i>Hieracium alpinum</i>	40
BAKÐANKAR	42
ÚTBREIÐSLA	45
GREININGAR	47
ÞAKKIR	52
TEIKNINGAR, í stafrófsröð latneskra nafna	53
ÚTBREIÐSLUKORT, í stafrófsröð latneskra nafna	75
HEIMILDIR	86
SUMMARY	87

## UNDAFÍFLAR Á NÝ

Bergþór Jóhannsson  
Náttúrfræðistofnun Íslands  
Pósthólf 5320  
125 Reykjavík

## ÁGRIP

Fjallað er um íslenska undafifla. Reynt er að þjappa þeim fjölmörgu tegundum sem lýst hefur verið saman í það fáar, þokkalega vel aðgreindar, tegundir að þær séu viðráðanlegar fyrir áhugamenn um íslensku háplöntuflóruna. Kerfi Ingimars Óskarssonar (Ingimar Óskarsson 1966) er notað sem grunnur. Ættkvíslin *Pilosella* Hill er undanskilin. Gerðar eru allnokkrar breytingar frá fyrri tillögum höfundar (Bergþór Jóhannsson 1989). Skilgreining margra tegunda er þó óbreytt frá þeim tillögum. Hér er lagt til að tegundir íslenskra undafifla séu taldar 22. Gerð er grein fyrir hverri tegund. Aðaleinkennum er lýst. Teikningar eru af öllum tegundunum og útbreiðslukort. Á þau eru aðeins teknir fundarstaðir sem höfundur hefir séð eintök frá. Viðurkennt er að tæplega liggi nægilegar athuganir að baki niðurstöðum í sumum tegunda-hópum og því þurfi að athuga suma hópana frekar.

## INNGANGUR

Árið 1989 gaf Náttúrufræðistofnun út ritið Íslenskir undafiflar (Bergþór Jóhannsson 1989). Þar gerði ég tilraun til að þjappa íslenskum tegundum saman í viðráðanlegar einingar. Í yfirlitsriti sínu taldi Ingimar Óskarsson (1966) íslenskar undafiflategundir 177. Siðar lýsti hann 3 nýjum tegundum (Ingimar Óskarsson 1973, 1976, 1979). Alls voru því íslenskar tegundir undafifla talðar 180 þegar Ingimar hafði lokið sínum endurbótum á kerfinu. Ingimar skipti þessum tegundum niður í ættkvíslardeildir og sumum deildunum í undirdeildir. Deildaskipting er óhjákvæmileg þegar fengist er við 180 tegundir en sú skipting er ekki auðveld og nokkuð er um það að tegundir hafi verið settar í ranga deild eða ranga undirdeild. Deildin Piloselloidea hefur slika sérstöðu að hún á tvímælalaust að teljast sérstök ættkvísl, *Pilosella* Hill. Þegar búið er að skera hana frá eru eftir í ættkvíslinni *Hieracium* L. 176 íslenskar tegundir samkvæmt kerfi Ingimars. Þessum tegundum raðar Ingimar þannig í ættkvíslardeildir og undirdeildir:

Alpina	44
Nigrescentia	22
Cerinthoidea	10
Oreadea	15
Vulgata - Silvatica	30
Vulgata - Caesia	10
Vulgata - Eu-Vulgata	7
Tridentata	12
Foliosa	7
Alpestria - Subfoliosa	3
Alpestria - Semi-Dovrensis	4
Alpestria - Dovrensis	11
Prenanthoidea	1
Alls	176

Niðurstaða min var sú að reyna ætti kerfi með 19 tegundum í stað 176. Um þá niðurstöðu sagði ég (Bergþór Jóhannsson 1989) að ég hefði líklega gengið fulllangt í niðurskurði og að líklegt væri að skipta þyrfti einhverjum þessara 19 tegunda í fleiri tegundir. Ég sagði einnig að rangt kerfi kæmi upp um sig þegar farið væri að nota það af kunnáttumönnum. Ég hef því aldrei gert ráð fyrri að þetta kerfi stæðist fullkomlega og hef vonast til að geta leiðrétt það eitthvað með tímanum. Mér hefur reyndar ekki gefist sá tími til að skoða undafifla sem ég hafði vænst. Þrátt fyrir það hafa mér orðið ljós nokkur mistök og slik mistök ber mér að leiðrétta.

Síðan 1989 hef ég lítillega skoðað undafifla úti í náttúrunni og hef nú aðgang að mun fleiri þurrkuðum eintökum en 1989. Nokkrar gerðir

hafa einnig verið ræktaðar. Ég nota hér þá aðferð, sem ég benti á sem næsta skref (Bergþór Jóhannsson 1989), að taka fyrir hæfilegan skammt í einu. Umfjöllun um hvern hluta verður sett á blað um leið og unnið er og verður það látið ráðast hversu mikinn hluta kerfisins ég tek til umfjöllunar. Ég hef því miður enga aðstöðu til að fjalla um skyldleika íslenskra tegunda við erlendar tegundir og nota hér eingöngu fræðinöfn sem notuð hafa verið um íslensk eintök.

Við gerð útbreiðslukortanna eru eingöngu notuð eintök sem ég hef séð og tel rétt nafngreind. Kortin eru gerð samkvæmt reitkerfi (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970).

Teikningar hef ég gert eftir þurrkuðum íslenskum eintökum. Þær sýna aðeins dæmi um útlit tegundanna en ná ekki yfir breytileika einstakra tegunda.

Ég leyfi tegundum talsverðan breytileika en flest eintök eru að mínu mati nokkuð auðgreind i þær tegundir sem ég nota hér. Tegund getur verið nokkuð mismunandi frá einum stað til annars, jafnvel svo að það er strax ljóst hvaðan safneintök eru án þess að lesið sé á merkimiðann. Í slíkum tilvikum á þetta ekki aðeins við um eina tegund heldur fleiri sem bera þá allar svipað yfirbragð. Þess háttar breytileiki kallar ekki á tilbúning nýrra tegunda. Erfiðara mál er þegar eintök finnast sem að einhverju leyti sýna einkenni tveggja tegunda sem vaxa báðar á svæðinu. Ég tel ekki ástæðu til að láta sílik stök, stundum örfá, eintök setja kerfið í uppnám. Í flestum tilvikum líkjast sílik eintök annarri tegundinni meira en hinni.

Það mun koma að því að einhver fer að skoða og greina undafifla aftur. Þeim vil ég ráðleggja að lesa vandlega grein Ingimars Óskarssonar um glæsififilinn (Ingimar Óskarsson 1963) áður en rokið er í að búa til nýjar tegundir.

## FORSAGA

Zahn (1921-1923) ritaði feiknamikið verk um undafifla og setti fram kerfi sem notað er nær óbreytt í Evrópuflórunni (Sell og West 1976). Zahn setti þær íslensku tegundir sem Dahlstedt (1904) hafði lýst inn í þetta kerfi. Zahn getur þess nákvæmlega hvaða heimildir og söfn hann notaði. Samkvæmt þeim heimildum fæ ég ekki séð að hann hafi skoðað nein íslensk eintök Omang (1938) bætti fjölda tegunda í íslensku undafiflaflóruna. Þessum tegundum, flestum, raða Sell og West inn í kerfið, að því er ég best fæ séð, án þess að skoða eintökin sem lágu að baki þessum tegundum. Útkoman er slik að það þarf sannarlega ekki undafiflafræðing til að sjá að í ýmsum tilvikum eru alls óskyldar tegundir settar saman í stórtegund og í öðrum eru náskyldar tegundir settar í gjörólikar stórtegundir. Hvort kerfið sem notað er í Evrópuflórunni er nothæft sem slikt veit ég ekki en röðun íslensku tegundanna í það er að ýmsu leyti algert rugl. Áskell Löve (1970) þjappaði íslensku tegundum saman í 9 stórtegundir. Hugmynd hans var ekki fráleit en gekk ekki upp vegna þess að hann skoðaði undafifla ekki neitt sem heitið getur. Hann gerði einfaldlega hverja deild í kerfi Ingimars að stórtegund. Þótt Ingimar hefði lagað margt frá Dahlstedt og Omang var kerfi hans ekki þannig að slikt væri raunhæft. Það gengur t.d. ekki að gera *H. holopleurum* Dahlst. og *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. að einni og sömu stórtegund. Því síður gengur að gera *H. arrostocephalum* Omang, *H. demissum* (Strömf.) Dahlst., *H. elegantiforme* Dahlst., *H. phrixoclonum* Omang og *H. stoedvarens* Omang að einni og sömu stórtegund. Það þarf engan sérfræðing til að sjá þetta. Það er engin furða að Ingimar hafi hvorki verið hrifinn af kerfi Áskels né Evrópuflórukerfinu.

Aðalgallarnir á kerfi Ingimars eru þeir að hann batt sig um of við deilda-skiptinguna hjá Dahlstedt og Omang, þótt hann lagaði þar ýmislegt og hitt að margar þeirra tegunda sem hann var með í kerfi sínu eiga engan rétt á sér. Ýmsar þeirra voru reyndar arfur frá fyrirrennurunum hans. Bæta má því við að sumt af því sem ég hef við hans kerfi að athuga staðar af því að hann leit á rit Dahlstedts frá 1904 sem undirstöðu en tók ekki tillit til þess að Dahlstedt hafði í rauninni lýst mörgum tegundanna fyrir. Þetta olli því t.d. að nafneintök Dahlstedts voru sniðgengin og asgreidd sem ranggreind en skilningur Ingimars á viðkomandi tegund miðaðist við ólik eintök úr öðrum landshluta. Þrátt fyrir þetta er kerfi Ingimars eina kerfið sem er nothæft sem grundvöllur til endurskoðunar. Kerfið sem ég legg til má líta á sem millistig milli kerfis Áskels og Evrópuflórukerfisins. Það er þó talsvert nær Evrópuflórukerfinu.

## 1. HLUTI

Tegundum sem eru ekki, eða sjaldan, með blaðhvifingu á blómgunar-tíma er ætlaður staður í deildunum Tridentata, Foliosa, Alpestria og Prenanthoidea í kerfi Ingimars. Til umfjöllunar í 1. hluta tek ég einnig 3 tegundir úr undirdeildinni Eu-Vulgata í Vulgata deildinni. Þær tegundir eru: *H. acidophyllum* Osk., *H. megalophyton* Osk. og *H. thermophilum* Osk. Hins vegar sleppi ég hér 3 tegundum úr Alpestria - Semi-Dovrensia. Það eru *H. arrostocephalum* Omang, *H. stoedvarensse* Omang og *H. thingvellirensse* Osk. Einnig tek ég hér tvær tegundir úr undir-deildinni Vulgata - Caesia. Það eru *H. purpuriguttatum* Osk. og *H. tynnotrichum* Dahlst. Hér eru því til umfjöllunar tegundir úr 8 deildum eða undirdeildum, Vulgata - Caesia, Vulgata - Eu-Vulgata, Tridentata, Foliosa, Alpestria - Dovrensia, Alpestria - Semidovrensia, Alpestria - Subfoliosa og Prenanthoidea. Ekki verður fjallað sérstaklega um hverja tegund Ingimars nema þegar ástæða þykir til en vísað í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) þegar það er talið nægja. Bent skal á að hér er miðað við nafneintök tegundanna. Þótt einhverjar af tegundum Ingimars séu færðar undir sérstaka tegund hér, þarf það ekki að þýða að öll eintök sem talin hafa verið til hennar fylgi með. Tegundir sem ég legg til að verði notaðar eru hér feitletraðar. Sá hópur sem hér er fjallað um skiptist þannig í niður í kerfi Ingimars:

Vulgata - Caesia	2
Vulgata - Euvulgata	3
Tridentata	12
Foliosa	7
Alpestria - Subfoliosa	3
Alpestria - Semidovrensia	1
Alpestria - Dovrensia	11
Prenanthoidea	1
Alls	40

### Skeggfífill - *Hieracium pullicalicitum* Omang

Til þessarar tegundar tel ég eftirsarandi tegundir og afbrigði Ingimars: *H. agastophyes* Osk.

*H. agastophyes* Osk. var. *oeraefiense* Osk.

*H. cladiopogon* Osk.

*H. megaphyes* Osk.

*H. olafii* Osk.

Ég taldi (Bergþór Jóhannsson 1989) að þessar tegundir Ingimars ættu heima í einni og sömu tegund sem ætti að bera nafnið *H. pullicalicitum*

Omang. Ég er enn þeirrar skoðunar og hef engu við fyrri umfjöllun um þessar tegundir að bæta. Ég nota hér það íslenska nafn sem ég notaði þá.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án blaðhvirsingar á blómgunartíma. Grunnur stilklausra stöngulblaða mjór. Kirtihár á reifum stutt, gul. Blöð oft samþjöppuð neðantil á stöngli en stundum jafndreifð, einkum á hávöxnum plöntum. Blöð heilrend eða óverulega smátennt, sjaldan greinilega tennt, oftast græn, stundum eithvað rauðleit eða smávegis blettótt. Reifar dökkar, frekar snubbóttar, snöggar en þó með nokkuð áberandi broddhárum, einkum á neðri hluta reifa. Stilar á þurrkuðum plöntum oftast gulir eða gulmórauðir, stundum mórauðir. Stöngulblöð oftast 5-12.

### **Blettafifill - *Hieracium stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir Ingimars:

*H. acidophyllum* Osk.

*H. chamaeodon* Osk.

*H. purpuriguttatum* Osk.

*H. stictophylloides* Osk.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég að nafneintök *H. chamaeodon* Osk. væru náskyld smávöxnum eintökum af *H. acidophorum* Omang og að þau tvö eintök sem til eru af *H. stictophylloides* Osk. væru smávaxin eintök af *H. pullicalicitum* Omang. Ingimar Óskarsson (1957) taldi að báðar þessar tegundir væru náskyldar *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton. Það er nú niðurstaða min að Ingimar hafi haft rétt fyrir sér. Benda má á að ræktuð eintök af *H. chamaeodon* Osk. verða eins í útliti og *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton og verða jafnvel blettótt. *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton er ekki alltaf með blettóttum blöðum og geta slik eintök verið nokkuð varasöm og vandgreind.

Þegar Ingimar lýsti *H. acidiphillum* Osk. var hann í nokkrum vafa um hvar í kerfið hann ætti að setja tegundina (Ingimar Óskarsson 1957). Siðar bætti hann allmögum eintökum við (Ingimar Óskarsson 1966). Var hún þá orðin að ótrúlegu samsafni eintaka mismunandi tegunda úr mismunandi ættkvíslardeildum. Í lýsingu sinni og athugasemnum við hana getur hann sérstaklega um rauða flekki á blöðunum. Mörg eintök eru greinilega smávaxin eintök af *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R. Linton. Ég tel nú að þetta eigi einnig við um nafneintakið.

Þau eintök sem til eru af *H. purpuriguttatum* Osk. eru það fá að tegundin er afar óljós. Plönturnar eru aðeins með einu stóru stöngulblaði en sumar plöntur *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton frá Austurlandi

nálgast *H. purpuriguttatum* Osk. svo mjög að ég er enn þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða gerð af *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton. Visast í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

Ég nota hér *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton um þessu tegund í stað *H. faeroense* Dahlst. sem ég notaði 1989. Ég er enn þeirrar skoðunar að þessar tvær tegundir séu í raun ein og sama tegundin og sé svo hefur *H. faeroense* Dahlst. forgang. Liklega er best að halda sig við hið þekkta nafn *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton þar til skyldleiki tegundarinnar við aðrar norrænar tegundir hefur verið kannaður betur.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur oftast án blaðhvíringar á blómgunartíma. Stilklaus stöngulblöð með mjóum grunni. Kirtihár á reifum stutt, gul. Blöð oftast sampjöppuð á neðrihluta stönguls, smávegis örðótt eða smátennt, oft með rauðfjölbláum flekkjum og oft bláleit á neðra borði. Reifar snöggar, sjaldan með áberandi broddhárum. Stilar á þurruðum plöntum oftast gulir eða gulmóleitir, stundum mórauðir eða gráleitir. Stöngulblöð oftast 5-9. Plöntur geta verið með örfáum smáum hvíringblöðum á blómgunartíma og stundum koma tveir eða fleiri, mjóir og fingerðir stönglar frá sömu rót. Eru blöð þá nær öll neðst á stöngli og greinileg stór stöngulblöð örfá, jafnvel ekki nema 1-2. Nokkuð stórvaxnar plöntur eru stundum með greinilegri blaðhvírfingu og aðeins 1-2 stöngulblöðum.

#### **Brekkuifill - *Hieracium macrocomum* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. acidophorum* Omang

*H. anelctum* Omang

*H. hypoleptolepis* Osk.

*H. megalophyton* Osk.

*H. oxypleurum* Osk.

*H. pernervosum* Osk.

*H. thermophilum* Osk.

*H. tynnotrichum* Dahlst.

*H. tynnotrichum* Dahlst. var. *tynnophyllum* Osk.

*H. vikense* Osk.

Éf hef ekki séð nafneintak *H. anelctum* Omang en byggi skoðun mina á lýsingu þess (Omang 1938), mynd af því og áli Ingimars (Ingimar Óskarsson 1966) sem skoðaði það. Ég taldi (Bergþór Jóhannsson 1989) að allar þessar tegundir, nema *H. megalophyton* Osk., ættu heima í sömu tegund sem ég nefndi þá *H. tynnotrichum* Dahlst. Ég hef engu við fyrri umfjöllun um þær að bæta öðru en því að mér finnst eðlilegra að velja nafnið *H. macrocomum* Dahlst. á tegundina. Þessi tegund heitir því

hér *H. macrocomum* Dahlst. og heldur íslenska nafninu sem notað hefur verið á hana.

Ég taldi í fyrri umfjöllun að *H. megalophyton* Osk. væri skyldur *H. floccilepium* Omang en það er rangt. Þessi tegund er svo náskyld *H. thermophilum* Osk. að eintök þeirra verða að teljast til einnar og sömu tegundar. Ég tel að *H. thermophilum* Osk. sé aðeins gerð af *H. macrocomum* Dahlst. og hið sama gildir um *H. megalophyton* Osk.

*H. macrocomum* Dahlst. hefur verið illilega misskilin. Omang (1938) hefur þó skilið tegundina rétt þegar hann lýsti *H. acidophorum* Omang sem nýrri tegund. *H. macrocomum* Dahlst. er lýst eftir eintaki frá Hvammi í Hvammssveit (Dahlstedt 1904). Siðar bætti Dahlstedt eintökum frá hólma í Laxá í Aðaldal við i tegundina. Úr hólmum og eyjum í Laxá og Vestmannsvatni eru til fjölmörg afbragðsgóð eintök sem nafngreind hafa verið sem *H. macrocomum* Dahlst. Dahlstedt (Stefán Stefánsson 1924) og Ingimar (Ingimar Óskarsson 1966) viðurkenndu báðir þessi eintök sem *H. macrocomum* Dahlst. og hafa þau orðið nokkurs konar fyrirmynnd að því hvernig tegundin ætti að líta út. Auk þessara eintaka voru til í safni Ingimars mjög góð eintök frá Skaftafelli nafngreind sem *H. macrocomum* Dahlst. en aðeins eitt afar lélegt eintak frá Hvammi. Í fyrri umfjöllun minni reyndi ég að skilgreina *H. macrocomum* Dahlst. út frá þessum eintökum. Vonlegt var að illa færí því það er niðurstaða míin nú að eintókin frá Hvammi séu ekki af sömu tegund og hin eintókin. Ég tel að nafneintakið sé af þeirri tegund sem þekkt er sem *H. acidophorum* Omang. Notkun míin á nafninu *H. macrocomum* Dahlst. í fyrri umfjöllun er því alröng. Fundarstaðirnir sem Ingimar nefnir fyrir tegundina (Ingimar Óskarsson 1966) eru einnig flestir rangir og eiga við allt aðrar tegundir.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án blaðhvifingar á blómgunartíma. Stilklaus stöngulblöð með mjóum grunni. Kirtihár á reifum stutt, gul. Blöð stundum græn en oftast rauðleit eða bláleit, tennt, oft hvassstennt, stundum með nokkuð stórum tönnnum. Reifar snöggar, frekar snubbóttar. Stílar á þurrkuðum plöntum stundum næstum hreingulir en oftar grágulir, gráir, mórauðir eða næstum svartir. Stöngulblöð oftast 6-12.

### **Skallafífill - *Hieracium demissum* (Strömf.) Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars: *H. chaetolepis* Osk.

*H. demissum* (Strömf.) Dahlst. var. *glandulisquameum* Osk.

*H. demissum* (Strömf.) Dahlst. var. *macriramosum* Osk.

*H. notophilum* Osk.

*H. steffensenii* Osk.  
*H. tynnoglochin* Osk.

Ég taldi í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) að *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. var. *glandulisquameum* Osk. ætti heima í *H. macrocomum* Dahlst. eins og ég skilgreindi þá tegund þá. Nú tel ég að þetta afbrigði eigi heima í *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. Ég taldi einnig að *H. steffensenii* Osk. ætti heima í *H. macrocomum* Dahlst. Aðeins hefur fundist eitt eintak af þeirri tegund. Það líkist *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. var. *macriramosum* Osk. Mér sýnist þetta vera sérkennileg vaxtargerð af *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. Að öðru leyti víast í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur oftast án blaðhvifingar á blómgunartíma en blöð oft samþjöppuð á neðsta hluta stönguls. Stílklaus stöngulblöð með mjóum grunni. Blaðgrunnur getur stöku sinnum verið það breiður að það sé álitamál en hann mjókkar þó smám saman allra neðst. Kirtihár á reifum stutt, gul. Blöð oftast bláleit eða rauðleit, oft heilrend, stundum bugtennt og stundum með nokkuð stórum en fáum tönnum. Reifar dökkar, áberandi snöggar. Stundum er þó nokkuð af broddhárum, einkum á neðri hluta reifablaða. Reifablöð oftast stutt, breið og snubbótt. Stílar á þurrkuðum plöntum sjaldan næstum hreingulir, oftast gulgráir, gráir, gulmórauðir eða mórauðir, alloft næstum svartir. Stöngulblöð oftast 2-4, stundum 6, aðeins örsjaldan fleiri. Einstaka plöntur geta verið með blaðhvifingu á blómgunartíma og eru þá oftast aðeins með 1-2 stöngulblöðum.

#### **Kögurvífill - *Hieracium phrixoclonum* (Omang) Omang**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir Ingimars:

*H. floccilepium* Omang  
*H. halfdanii* Osk.  
*H. myrdalense* Osk.

Tegundin *H. floccilepium* Omang er náskyld *H. phrixoclonum* (Omang) Omang. Það er enginn útlitsmunur á þessum tegundum. Eini marktæki munurinn er hæring reifa og körfustilka. Á reifum dæmigerðra eintaka af báðum tegundum er litið sem ekkert af broddhárum en kirtihárin eru verulega áberandi. Á *H. phrixoclonum* (Omang) Omang er stjarnhæring litil en á *H. floccilepium* Omang er hún mikil. Þrátt fyrir það verður að viðurkenna að mörkin milli þeirra hverfa stundum alveg. Reifar beggja tegunda geta verið með talsverðu af broddhárum. Ég er enn þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að reyna að halda þessum tegundum aðgreindum. Víast hér í fyrri umfjöllun mína um *H. floccilepium*

Omang (Bergþór Jóhannsson 1989). Eintök nafngreind sem *H. phrixoclonum* (Omang) Omang frá Seljamýri í Loðmundarfirði falla ekki inn í tegundina. Blaðgrunnur er miklu breiðari en eðlilegt er, blöð á miðjum stöngli eru mun frekar tígullaga en lensulaga og kirtihár á reifum eru með áberandi gulum hnúð. Þessar plöntur líkjast mjög eintökum *H. retifolium* (Dahlst.) Dahlst. frá Njarðvík og úr skriðunum við Daladal. Ég tel að þær eigi heima í *H. elegantiforme* Dahlst. Hins vegar tel ég nú að eintök frá eyjum og hólum í Laxá í Aðaldal og Vestmannsvatni sem nafngreind hafa verið sem *H. macrocomum* Dahlst. séu stórvaxin eintök af *H. phrixoclonum* (Omang) Omang. Þessi eintök, sem eru bæði mörg og góð, hafa reyndar verið erfðasta vandamálið í hópi þeirra eintaka sem eru án blaðhvirsingar. Þau hafa verið talin til *H. macrocomum* Dahlst. af bæði Dahlstedt og Ingimari. Þetta eru mjög hávaxnar plöntur og blöðin eru tenntari en venjulegt er á *H. phrixoclonum* (Omang) Omang. Tennur eru fáar en nokkuð stórar og hvassar. Slikar tennur koma einnig fyrir á smávaxnari eintökum *H. phrixoclonum* (Omang) Omang, t.d. á eintökum frá Lundi í Fljótum. Hæring reifa er svipuð og á dæmigerðum *H. phrixoclonum* (Omang) Omang, blöðin eru lensulaga og efri blöðin eru með breiðum grunni. Eintak frá Kolbeinstanga í Vopnafirði sem nafngreint hefur verið sem *H. macrocomum* Dahlst. á einnig heima hér. Kirtihárin eru ekki alveg eins áberandi á reifablöðum og venjulegast er á eintökunum úr Aðaldal en að öðru leyti er enginn munur á þeim.

Þegar Ingimar lýsti *H. halfdanii* Osk. (Ingimar Óskarsson 1957) taldi hann að tegundin væri náskyld *H. floccilepium* Omang og er það vafalaust rétt enda líkjast þessar plöntur mjög smávaxnari eintökum *H. floccilepium* Omang frá Heiðmörk og Þingvöllum. Stjarnhæring reifa er þó mun minni en á eintökum *H. floccilepium* Omang frá Þingvöllum og Heiðmörk og broddhæring meiri. Eintök *H. floccilepium* Omang frá Hólmavík eru með jafnáberandi broddhærðum reifum og eintökin frá Kvískerjum en stjarnhæring er heldur meiri á Hólmavíkureintökunum. Hæring Kvískerjaplantnanna er nokkuð lík hæringu plantna frá Skaftafelli sem nafngreind hafa verið sem *H. macrocomum* Dahlst. en þau eintök eru að minu mati svo náskyld *H. floccilepium* Omang frá Heiðmörk að þau hljóta að eiga heima í sömu tegund. Ég tel því óhjákvæmilegt að fella *H. halfdanii* Osk. inn í *H. floccilepium* Omang og þar með inn í *H. phrixoclonum* Omang.

*H. myrdalense* Osk. er nokkuð ruglingsleg tegund. Sum eintakanna tel ég að hljóti að eiga heima í *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. Önnur, þar á meðal nafneintakið, tel ég að eigi heima í sömu tegund og *H. floccilepium* Omang og *H. halfdanii* Osk. Hæring reifa er mjög lík hæringunni á plöntunum úr Öræfum.

Eintök frá Unaósi sem nafngreind hafa verið sem *H. megalocaulon* Osk. líkjast mjög eintökum frá Skaftafelli sem hafa verið nafngreind sem *H. macrocomum* Dahlst. og eru þessi eintök svo lík að öllu leyti að varla

kemur til greina annað en að þau séu af sömu tegund. Eintök frá Úlfsstöðum í Loðmundarfirði sem nafngreind hafa verið sem *H. acidophyllum* Osk. virðast einnig eiga heima í sömu tegund.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án blaðhvifingar á blómgunartíma. Stilklaus stöngulblöð með breiðum eða nokkuð breiðum grunni. Kirtihár á reifum löng eða nokkuð löng, dökk. Kirtihár stundum nokkuð mislöng á sömu körfu. Þau styttar eru stundum með gulleitum hnúð. Reifar og körfustilkar eru oft án eða svo til án broddhára en geta verið verulega broddhærð. Stjarnhæring stundum áberandi á reifum en stundum litil. Þegar broddhæring reifa er litil eru kirtihárin oft áberandi og yfirgnæfa aðrar hárgerðir. Reifar oftast dökkar og reifablöð frekar snubbótt. Blöð græn, gulleit, bláleit eða rauðleit, lensulaga, heilrend, með smánöbbum eða tennt. Blöð geta verið með nokkuð stórum, hvössum tönnum. Stílar á þurrkuðum eintökum oftast næstum svartir eða mórauðir, stundum gulgráir eða gulmórauðir. Stöngulblöð oftast 4-11, oftast nokkuð jafndreifð á stöngli. Smávaxnar plöntur stundum með 1-3 smáum hvifing-blöðum á blómgunartíma.

### **Glæsifífill - *Hieracium elegantiforme* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirsarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. altipetens* Omang

*H. aquitectum* Osk.

*H. aquitectum* Osk. var. *scotolepis* Osk.

*H. atrichocephalum* (Dahlst.) Dahlst.

*H. axillifrons* Osk.

*H. devians* Dahlst.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *acidophylloides* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *chrysadenium* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *densipilosum* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *hemimacromum* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *heydalicum* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *polyclonum* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *prae glandulum* Osk.

*H. elegantiforme* Dahlst. var. *tapeinocephalum* (Omang) Osk.

*H. oxyodontophorum* Osk.

*H. perpilferum* Omang

*H. retifolium* (Dahlst.) Dahlst.

*H. rhombotum* Osk.

Ég hef ekki séð nafneintök *H. atrichocephalum* (Dahlst.) Dahlst. og *H. devians* Dahlst. en byggi skoðun mína á lýsingum og teikningum af þeim (Dahlstedt 1904) og álti Ingimars (Ingimar Óskarsson 1963, 1966) sem skoðaði þau. Í fyrri umfjöllun minni (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég að allar þessar tegundir og afbrigði ættu heima í *H. elegantiforme* Dahlst. með tveim undantekningum. Þá taldi ég að þótt öll önnur eintök *H. elegantiforme* Dahlst. var *polyclonum* Osk. ættu heima í *H. elegantiforme* Dahlst. ætti nafneintakið heima í *H. arrostocephalum* Omang. Nú tel ég að það eigi einnig heima í *H. elegantiforme* Dahlst. Ég taldi þá að *H. aquitectum* Osk. var *aquitectum*, þ.e. nafneintök *H. aquitectum* Osk., væru náskyld *H. acidophorum* Omang. Nú tel ég að þau eigi heima í *H. elegantiforme* Dahlst. eins og eintök *H. aquitectum* Osk. var. *scotolepis* Osk. Kirtihár á reifum eru of löng fyrir *H. acidophorum* Omang og blaðgrunnur er of breiður. Hér hef ég látið líkingu tegunda sem vaxa við sömu aðstæður blekkja mig. Um aðrar tegundir og önnur afbrigði víast í fyrri umfjöllun. Sú breyting er þó gerð frá 1989 að nú læt ég eintak *H. retifolium* (Dahlst.) Dahlst. tekið í skriðunum við Daladal fylgja öðrum eintökum yfir í *H. elegantiforme* Hedw.

*H. elegantiforme* Hedw. er afar breytileg tegund. Þótt margar gerðir hennar séu auðgreindar getur hún komið á óvart og verið erfið. Ingimar skrifaði sérstaklega um hana (Ingimar Óskarsson 1963) og er það að mínu mati einhver merkilegasta grein sem rituð hefur verið um flokunarfræði íslenskra háplantna. Þar kemur greinilega fram hversu breytileg tegundin getur verið.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur oftast án blaðhvifingar á blómgunartíma. Stilklaus stöngulblöð með breiðum grunni, stundum mjög breiðum. Kirtihár á reifum löng, með dökkum stilk en hnúður oftast áberandi gulur. Blöð tígullaga, oftast tennt, stundum gróftennit en geta verið heilrend, oftast græn en geta verið eitthvað rauðflekkótt eða dálitið bláleit. Stöngulblöð geta verið breiðust neðst og þríhyrnd. Stórvaxnar plöntur geta verið með 1-2 hvifingblöðum á blómgunartíma og smávaxnar plöntur eru alloft með greinilegum hvifingblöðum á blómgunartíma. Hvifingblöðin eru oftast aðeins 1-4. Stöngulblöðin eru þá oftast aðeins 2-4. Stönglar eru grannir og stundum fleiri en einn frá sömu rót. Á stórvöxnum plöntum eru stöngulblöð oftast 5-9. Stílar á þurrkuðum plöntum gulir, gulmórauðir, mórauðir, gráir eða jafnvel næstum svartir. Körfur smáar. Reifar dökkar, oftast talsvert hærðar en geta verið frekar snöggar. Kirtihár á reifum mislöng, oft mjög löng þegar fá eða engin broddhár eru á reifum og eru þá kirtihárin yfirgnæfandi hárgerð. Þótt kirtihárin séu löng eða mjög löng er hnúðurinn oftast áberandi gulur. Stundum eru broddhárin yfirgnæfandi og litið ber á kirtihárunum og stjarnhárunum. Það er afar sjaldan sem stjarnhæring er það mikil að hún geti talist yfirgnæfandi.

**Skrautfifill - *Hieracium thulense* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi afbrigði Ingimars:  
*H. thulense* Dahlst. var. *furvescens* (Dahlst.) Omang  
*H. thulense* Dahlst. var. *oncotum* Osk.

Um þessa tegund vísast í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

**Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án blaðhvifingar á blómgunartíma. Stilklaus stöngulblöð með mjög breiðum grunni. Kirtihár á reifum mjög löng, dökk. Stilar á þurrkuðum plöntum dökkir. Aldin gul. Reifar dökkar, frekar snubbóttar. Kirtihárin mest áberandi hárgerð á reifum. Stöngulblöð oftast 12-30.

## 2. HLUTI

Í þennan hluta tek ég 8 tegundir úr deildinni Cerinthoidea og afgangs-tegundina *H. stoedvarens*e Omang úr Alpestria - Semi-Dovrensia. Úr Cerinthoidea sleppi ég að sinni *H. megalomeres* Omang og *H. sarcophyllum* Osk. Eina tegund, *H. foliolosum* Osk., tek ég úr Alpina. Þetta eru því 10 tegundir. Þessar tegundir eru með blaðhvirkingu og oftast a.m.k. einu stóru stöngulblaði sem oft er með greinilega greipfættum stillk. Kirtihár á reifum eru oftast läng.

### **Stöðvarfifill - *Hieracium stoedvarens* Omang**

Til þessarar tegundar tel ég enga aðra tegund Ingimars.

Í fyrri umfjöllun notaði ég *H. anglicum* Fries í mjög viðri merkingu og taldi *H. stoedvarens* Omang hluta af þeirri tegund. Nú tel ég rétt að telja þennan hóp til fleiri tegunda og verður *H. stoedvarens* Omang ein þeirra. Tegundin er náskyld *H. anglicum* Fries og er stundum illþekkjanleg frá henni á öðru en hæringu reifa. Körfur eru minni, hæring reifa er öðru vísí og útbreiðsla er takmarkaðri.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvirkingu. Stöngulblöð 1-3, oft með greipfættum stillk. Kirtihár á reifum läng, stundum mjög läng, dökk. Hnúður getur verið gulur, einkum á þeim styttri. Blöð græn eða gulleit, stundum eitthvað rauðleit eða bláleit, tígullaga, tígullensulaga eða eggagensulaga. Neðstu blöð oft eggagna. Blöð oftast smátennt, stundum nokkuð hvasstennt, hærð báðum megin. Broddhár ekki áberandi gróf. Kirtihár áberandi mörg á körfustilkum. Reifar dökkar. Kirtihár mest áberandi hágerð á reifa-blöðum. Þar er oftast einnig einhver strjálingur af stjarnhárum og broddhárum. Reifablöð frammjó. Körfur frekar smáar eða í meðallagi stórar. Stundum er aðeins eitt stöngulblað og það getur verið litið. Stöku sinnum vantar stöngulblöð alveg. Stílar á þurrkuðum plöntum oftast gulmórauðir, mórauðir eða svartir en stundum grágulir eða jafnvel svo til gulir.

### **Klausturfifill - *Hieracium anglicum* Fries**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. anglicum* Fries var. *acutifolium* Backh.

*H. anglicum* Fries var. *dolichomeres* Osk.

*H. clomacotes* Omang

*H. foliolosum* Osk.

*H. perintegrum* Dahlst. var. *austro-islandicum* Omang

*H. semianglicum* Osk.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) notaði ég *H. anglicum* Fries í mjög viðri merkingu. Tegundin er náskyld *H. stoedvarense* Omang og *H. arctocerinthie* Dahlst. og stundum er erfitt að fullyrða í hvaða tegund eintök eiga heima. Nokkur eintök hafa verið færð milli tegunda frá fyrri greiningum. Útliit *H. anglicum* Fries og *H. stoedvarense* Omang er oft svo til nákvæmlega eins en oftast ber tvennt á milli. Körfur eru smærri og kirtihár meira áberandi á reifum *H. stoedvarense* Omang. Hæring reifa er hinsvegar afar svipuð á *H. anglicum* Fries og *H. arctocerinthie* Dahlst. en blaðlögun oft nokkuð frábrugðin. Stjarnhár eru að visu stundum meira áberandi á reifum *H. arctocerinthie* Dahlst. en það er óáreiðanlegt einkenni vegna þess að hæringin er breytileg á báðum tegundum. Blaðlögun er einnig breytileg. Oft er þó þokkalega auðvelt að greina þær sundur og er það gert hér. Nafneinak *H. perintegrum* Dahlst. var. *austro-islandicum* Omang hef ég ekki séð. Ég byggi skoðun mina á lýsingu Omangs (Omang 1938), mynd af eintakinu og álti Ingimars sem skoðaði það. Nafneintök *H. clomacotes* Omang og *H. semianglicum* Osk. eiga greinilega heima í *H. anglicum* Fries. Íslenska nafnið er tekið frá *H. perintegrum* Dahlst. var. *austro-islandicum* Omang.

Það er augljóst að *H. foliolosum* Osk. á ekkert erindi í ættkvíslardeildina Alpina. Ég er sömu skoðunar og fyrr (Bergþór Jóhannsson 1989) að sú eina planta sem til er af þessari tegund sé mjög smávaxið eintak af *H. anglicum* Fries.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvíringu og 1-3 stöngulblöðum sem oftast eru með greinilega greipfættum stilk. Körfur stórar eða mjög stórar, kafloðnar af löngum, ljósum broddhárum. Blöð fintennt eða heilrend, græn eða gulleit, eggtígullaga, tígullaga eða tigullensulaga, neðstu blöð eggлага. Broddhár yfirgnæfandi hárgerð á reifum. Grunnur broddhára er svartur og getur sá litur náð talsvert upp eftir hárunum. Kirtlhár á reifum oftast dökk, löng eða í meðallagi löng, stundum frekar stutt. Hnúður alloft gulur. Stjarnhár oft nokkuð áberandi á jöðrum reisablaða og stundum er einnig nokkuð af þeim á baki þeirra. Reisablað framkjó. Tungutennur áberandi hærðar. Blaðstílkar oft mjög mikið hærðir. Blöð oftast hærð báðum megin en geta verið hárlaus á efra borði. Örsjaldan vantar stöngulblöð alveg. Alloft er aðeins eitt stórt stöngulblað sem er á stönginum rétt ofan við blaðhvíringuna og getur þá litið út sem stórt stöngulblað vanti. Stilar á þurrkuðum plöntum gulgráir, grágulir, gráir, mórauðir eða svartir.

### **Tígulfífill - *Hieracium arctocerinthie* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars: *H. arctocerinthie* Dahlst. var. *pycnolasmum* Osk.  
*H. arctocerinthie* Dahlst. var. *tynnadenium* Osk.

*H. jonassonii* Osk.  
*H. vogarensis* Osk.

Þetta er mjög breytileg tegund og geta mörk verið óljós milli hennar og annarra tegunda. Dæmigerður *H. arctocerinthia* Dahlst. er þó auðþekktur. *H. jonassonii* Osk. og *H. vogarensis* Osk. eru greinilega aðeins vaxtargerðir af *H. arctocerinthia* Dahlst. Vikið er að muninum á *H. arctocerinthia* Dahlst. og *H. anglicum* Fries hér að framan. Sá munur er oft afar litill. *H. arctocerinthia* Dahlst. getur einnig líkst tegundum í öðrum ættkvíslardeildum og geta slik tilvik verið nokkuð strembin.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvifingu og 1-3 stöngulblöðum. Oftast er aðeins eitt stórt stöngulblað og er það oft með greinilega greipfættum stilk. Stundum er aðeins eitt afar lítið stöngulblað. Körfur stórar, kafloðnar af löngum, ljósum broddhárum. Grunnur broddhára er svartur og getur sá litur náð nokkuð upp eftir hárunum. Kirtlhár á reifum oftast í meðallagi löng og eru ekki mikið áberandi í hæringunni. Hnúður kirtlhára getur verið gulur. Stjarnhár á jöðrum reifablaða og oft einnig á baki þeirra. Stjarnhæring getur verið nokkuð áberandi. Tungutennur hærðar. Broddhár eru mest áberandi hárgerð á reifum. Reifablöð frammjó. Blöð hvasstennt og oft grófrennt, tígullensulaga eða tígullлага. Neðstu hvifing-blöð eggлага. Blöð græn eða gulleit, sjaldan eitthvað rauðleit. Blaðstilkur oft mikið hærðir, einnig neðstu hvifingblöð. Hæring á blaðröndum oft mikil. Blöð hærð á neðra borði, stundum einnig á efra borði en efra borðið er oft hárlaust eða hárlitið. Stilar á þurruðum plöntum gulmórauðir, mórauðir, svartir eða gulgráir, stundum næstum gulir.

#### **Hærufifill - *Hieracium leucodetum* Omang**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi afbrigði Ingimars:

*H. leucodetum* Omang var. *centrophorum* Osk.  
*H. leucodetum* Omang var. *chasmateum* (Omang) Osk.  
*H. leucodetum* Omang var. *furfurifolium* Osk.

*H. leucodetum* Omang getur verið nákvæmlega eins í últiti og *H. anglicum* Fries og *H. stoedvarensis* Omang en hæring reifa er frábrugðin. Oftast er þó blaðlögun nokkuð önnur en eðlilegt getur talist fyrir hinar tegundirnar. Blaðlögun allra tegundanna er reyndar nokkuð breytileg. Hæring á reifum er líkari hæringu á reifum *H. arctocerinthia* Dahlst. Stjarnhæring er þó oftast meiri og broddhæring minna áberandi en á *H. arctocerinthia* Dahlst. Stundum er dálitið erfitt að greina milli þessara fjögurra tegunda en dæmigerð eintök eru auðveld.

**Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvirsingu og oftast með einu nokkuð stóru stöngulblaði sem oft er greipfætt. Stundum eru nokkuð stór stöngulblöð tvö og stundum er stöngulblaðið mjög lítið og það getur vantað. Körfur stórar eða frekar stórar. Stjarnhár oftast mest áberandi hárgerð á reifum. Jaðrar reifablaðanna eru þá gráloðnir og oft eru stjarnhár einnig áberandi á baki reifablaða. Broddhár á reifum löng, ljós, geta verið nokkuð áberandi en eru það oftast ekki. Kirtihár dökk, löng eða í meðallagi löng, yfirleitt ekki mikil áberandi. Blöð græn, stundum gulleit eða bláleit, geta verið rauðleit, sporлага, eggлага, eggglensulaga, stundum kringlótt, lítið hærð. Blöð oftast heilrend eða svo til heilrend. Reifablöð frammjó. Tungutennur hærðar. Stilar á þurrkuðum plöntum mórauðir, gráir, svartir eða grágulir.

### 3. HLUTI

Nú á ég eftir að taka fyrir úr kerfi Ingimars 126 tegundir sem skiptast þannig:	
Alpina	43
Nigrescentia	22
Oreadea	15
Vulgata-Silvatica	30
Vulgata-Caesia	8
og afgangstegundir úr:	
Cerinthoidea	2
Vulgata-Eu-Vulgata	4
Alpestria-Semi-Dovrensa	2
Alls	126

Í þennan hluta tek ég nokkuð auðþekkta tegund úr Oreadea, ásamt þrem náskyldum tegundum úr þeirri undirdeild og afgangstegundina *H. ingolfii* Osk. úr undirdeildinni Vulgata - Eu-Vulgata.

#### Holtafífill - *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. crinosum* Omang

*H. gilense* Osk.

*H. ingolfii* Osk.

*H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. var. *carcharum* Osk.

*H. semisuperbum* Osk.

Um *H. crinosum* Omang, *H. gilense* Osk. og *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. var. *carcharum* Osk. vísað í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989). Í fyrri umfjöllun taldi ég *H. semisuperbum* Osk. til *H. hololeurum* Dahlst. Nú tel ég að þetta hafi ekki verið góð hugmynd. Ingimar virðist hafa sett þessi eintök i rétta ættkvísladeild. Ég held að eintökin séu betur komin í *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. en í sömu tegund og *H. superbum* (Strömf.) Dahlst.) og set þessa tegund því hér.

Þegar Ingimar Óskarsson (1961) lýsti *H. ingolfii* Osk. setti hann tegundina í ættkvíslardeildina Vulgata en þar eiga heima tegundir með blaðhvifingu. Aðeins hefur verið safnað tveim eintökum af þessari tegund. Báðar plönturnar eru án greinilegrar blaðhvifingar en þó er eitt stórt hvifingblað á annarri. Í fyrri umfjöllun taldi ég að þessar plöntur ættu heima í tegund sem væri án blaðhvifingar á blómgunartíma. Nú tel ég að þetta hafi verið rangt mat og að eintökin eigi heima í tegund sem er með blaðhvifingu en hvifingblöðin hafi að mestu fallið af eða

orðið eftir þegar plöntunum var safnað. Slík eintök eru ekkert einsdæmi í söfnum. Hvirfingblað sem hefur fallið af annarri plöntunni hefur verið sett í sérstakan, glæran sýnapoka ásamt körfum af sömu plöntu. Hin plantan er með einu vel þroskuðu hvirfingblaði. Ákvörðun Ingimars virðist ekki hafa verið eins fráleit og ég ætlaði. Kirtihár á reifum eru að visu frekar fá en þau eru stutt og gul. Stöngulblöð eru aðeins 3-4 og þau eru stilkuð. Lögun hvirfingblaðs og stöngulblaða, hæring reifa og hæring blaðrandar er allt afar líkt og t.d. á eintökum *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. úr Búðahrauni. Á blöðum eru stutt, gul kirtihár. Þar sem ég er viss um að *H. ingolfii* Osk. getur ekki talist sérstök tegund tel ég rétt að líta á þessar plöntur sem hávaxin eintök af *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst.

Ég nota hér sem íslenskt nafn á tegundina það nafn sem ég notaði í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvifingu og oftast 2-4 stöngulblöðum. Kirtihár á reifum stutt, gul. Blöð sporлага og blaðka nokkuð vel aðgreind frá stilk eða blöðin eru eggлага, tígullaga eða lensulaga, með fleyglaga grunni og blaðka ekki skarpt aðgreind frá stilk. Stöngulblöð oftast stilkuð, sérstaklega stærsta blaðið. Stutt, gul kirtihár á blaðröndum. Blöð græn eða bláleit, stundum dálitið rauðleit. Stöngulblöð oft áberandi útstæð, standa á ská upp og út frá stöngli. Blöð oft heilrend en geta verið nokkuð tennt. Oftast eru blöð hárlaus eða svo til hárlaus á efra borði en alloft eru neðstu hvirfingblöðin hærð á efra borði, stundum eru sum af efri hvirfingblöðunum hærð á efra borði en önnur hárlaus og stöku sinnum eru flest hvirfingblöðin greinilega hærð á efra borði. Stílar á þurrkuðum plöntum oftast gulir, gulgráir eða gulmórauðir en geta verið mórauðir, gráir eða grámórauðir. Reifar oftast frekar snöggar. Reifablöð frammjó, stundum rauðleit í endann. Kirtihár oftast fjölmörg, stutt og gul. Stundum er stíkur kirtiháranna heldur lengri en venjulega. Broddhár oftast fá en geta verið mörg. Stjarnhár sjaldan mikið áberandi. Reifajaðrar geta þó verið gráloðnir vegna fjölda stjarnhára. Reifablöð eru oft öll eins á lit en innri reifablöð geta verið ljós og snögg. Broddhár eru ljós en grunnur þeirra dökkur, stundum eru öll broddhárin dökk. Oft eru broddhár á blaðröndum áberandi gróf en þau geta verið frekar fingerð.

#### 4. HLUTI

Í þennan hluta tek ég eina afgangstegund úr Alpestria - Semi-Dovrensa, 2 afgangstegundir úr Vulgata - Eu-Vulgata og 9 tegundir úr Vulgata - Caesia. Úr síðasstöldu undirdeildinni sleppi ég að sinni afbrigðinu *H. congenitum* Dahlst. var. *levihirtistylum* Osk. Þótt ég láti tegundir í ættkvíslardeildinni Nigrescentia að öðru leyti alveg eiga sig finnst mér rétt að losna strax við þrjár tegundir þaðan. Ég tek því einnig í þennan hluta tegundirnar *H. nigrescenticeps* Omang, *H. ovatifolians* Omang og *H. senectum* Dahlst. úr þeirri deild. Einnig tek ég hér tvær tegundir úr Vulgata-Silvatica, *H. chamaecephalum* Osk. og *H. holopleurophyllum* Osk. Þetta eru alls 17 tegundir.

Þessar tegundir eru með blaðhvirsingu og venjulega 1-4 stöngulblöðum. Kirtihár á reifum eru stutt eða frekar stutt, oftast dökk en stundum með gulum hnúð. Broddhár á reifum eru með dökkum grunni og því er oft áberandi dökk rák eftir miðjum reisablöðunum, einkum þeim innri.

#### Runnafifill - *Hieracium hololeurum* Dahlst.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

- H. cephalochnoum* Osk.
- H. chamaecephalum* Osk.
- H. congenitum* Dahlst.
- H. groentvedii* Osk.
- H. holopleurophyllum* Osk.
- H. hololeurum* Dahlst. var. *glossops* Osk.
- H. hololeurum* Dahlst. var. *graciliceps* Osk.
- H. hololeurum* Dahlst. var. *holopleuroides* (Dahlst.) Osk.
- H. hololeurum* Dahlst. var. *onychodes* Osk.
- H. hololeurum* Dahlst. var. *phylliscum* (Osk.) Osk.
- H. longipilipes* Osk.
- H. lopholepidioides* Omang
- H. megalocaulon* Osk.
- H. nigrescenticeps* Omang
- H. ovatifolians* Omang
- H. pauradenium* Osk.
- H. scolopoglossum* Osk.
- H. senectum* Dahlst.
- H. sococratodium* Omang
- H. subcongenitum* Osk.
- H. thingvellirense* Osk.

Ég hef skipt um skoðun á *H. longipilipes* Osk. frá fyrri umfjöllun. Tegundin hefur aðeins fundist einu sinni. Mér sýnist núna ljóst að þetta séu plöntur af tegund sem er með blaðhvirkingu á blómgunartíma en blaðhvirkingsin hafi að mestu orðið eftir þegar plöntunum var safnað. Í fyrri umfjöllun taldi ég þessar plöntur skyldar *H. pullicalicitum* Omang en nú tel ég þessar plöntur til *H. holopleurum* Dahlst.

Ég hef ekki séð nafneintak *H. lopholepidioides* Omang, aðeins lýsingu (Omang 1938) og mynd af því (Ingimar Óskarsson 1966). Dahlstedt taldi þessa plöntu til *H. congenitum* Dahlst. (Ingimar Óskarsson 1966) og sé ég ekki ástæðu til að draga það mat í efa. Nafneintak *H. ovatifolians* Omang hef ég ekki heldur séð en Dahlstedt taldi það til *H. congenitum* Dahlst. (Omang 1938). Omang setti þessa tegund í deildina Vulgata - Caesia. Omang (1938) hafði einnig tegundirnar *H. nigrescenticeps* Omang og *H. senectum* Dahlst. í deildinni Vulgata - Caesia. Mér er litt skiljanlegt hvers vegna þessar þrjár tegundir eru komnar í deildina Nigrescentia í kerfi Ingimars. Ég hef séð eintök *H. nigrescenticeps* Omang frá Suðureyri og *H. senectum* Dahlst. frá Eiðum. Mér virðist alveg ljóst að þessi eintök eiga að vera í Vulgata - Caesia. Hæring reifa á eintaki *H. nigrescenticeps* Omang er eins og á *H. congenitum* Omang en á eintaki *H. senectum* Dahlst. er hún likari þeirri hæringu sem er á *H. holopleurum* Dahlst. Útlit beggja plantnanna er dæmigert fyrir *H. holopleurum* Dahlst.

*H. sococratodium* Omang er talin hafa fundist á þrem stöðum (Ingimar Óskarsson 1966). Ég hef séð eintókin frá Kirkjubæjarklaustri og Svínafelli. Nafneintakið er frá Vik og það hef ég ekki séð. Omang (1938) segir það náskyld *H. holopleurum* Dahlst. Þau eintök sem ég hef séð eru nákvæmlega eins í útliti og eintök sem nafngreind hafa verið *H. groentvedii* Osk, að öðru leyti en því að hæring reifa er eins og á *H. congenitum* Dahlst. á eintökunum frá Kirkjubæjarklaustri og eins og á *H. holopleurum* Dahlst. á eintökunum frá Svínafelli.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég nafneintök *H. subcongenitum* Osk. til *H. arrostocephalum* Omang en nú tel ég að þau séu náskyld *H. congenitum* Dahlst. Tegundin er því sett hér. Ingimar hefur hér rétt fyrir sér.

*H. holopleurum* Dahlst. er verulega breytileg tegund. Hæring reifa var talin aðalgreiningareinkenni milli *H. congenitum* Dahlst., *H. holopleuroides* Dahlst. og *H. holopleurum* Dahlst. Ingimar (Ingimar Óskarsson 1966) gafst upp á að halda *H. holopleurioides* Dahlst. og *H. holopleurum* Dahlst. sem aðskildum tegundum. Það er ljóst að greining milli þessarra þriggja tegunda hefur verið nokkuð handahófskennd enda virðast engin einkenni nothæf. Það gæti verið freistandi að telja *H. groentvedii* Osk. sérstaka tegund en ég treysti mér ekki til þess. Hæring reifa er nokkuð sérkennileg vegna þess hversu snöggar þær eru og lítið er af stjarn-

hárum en dökkur grunnur broddháranna sérstaklega áberandi. Köfur með sömu hæringu eru stundum á eintökum sem hafa verið nafngreind sem *H. holopleurum* Dahlst. og ekkert virðist athugavert við þær nafngreiningar. Einnig koma fyrir plöntur þar sem sumar körfurnar eru með hæringu einkennandi fyrir *H. holopleurum* Dahlst. en aðrar með hæringu sem er nokkuð dæmigerð fyrir *H. groentvedii* Osk. Svipuð hæring kemur einnig fyrir á eintökum sem nafngreind hafa verið til annarra tegunda sem hér eru taldar til *H. holopleurum* Dahlst. *H. groentvedii* Osk. hefur reyndar einnig verið lýst sem *H. holopleurum* Dahlst. var. *glossops* Osk. því þetta er ein og sama gerðin af *H. holopleurum* Dahlst.

Ég nota hér sama íslenska nafnið á tegundina og ég gerði í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

Um aðrar tegundir vísast í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvifingu. Stöngulblöð oftast 1-4, oftast stilkuð. Kirtihár á reifum stutt eða frekar stutt, oft dökk en stundum gul og hnúður er oft gulleitur. Dökk rák oft estir miðju reifablaða, einkum innri reifablaða. Rákin er stundum mynduð af svörtum grunni broddháranna en stundum eru jaðrar reifablaða svo loðnir af stjarnhárum að áberandi grár jaðar myndast á þeim. Stílar á þurrkuðum plöntum dökkir, oftast mórauðir eða svartir, sjaldan gulgráir eða gulmórauðir. Blöð stundum heilrend en oft nokkuð tennt, einkum neðan til. Blaðka mjókkar oftast smám saman niður að stilknum. Blöð oftast græn en stundum gulleit, bláleit eða rauðleit. Broddhár á blaðröndum ekki áberandi gróf. Blöð frekar lítið hærð. Köfur smáar eða í meðallagi stórar. Kirtihár aldrei mest áberandi hárgerð á reifum. Reifablöð frammjó, oft með rauðleitum enda. Stundum er stjarnhæring reifa mjög mikil og eru þar þá oft sárafá broddhár og kirtihár. Loðni jaðar reifablaðanna er stundum mjög áberandi en reifar geta einnig verið afar snoðnar. Reifablöð eru stundum öll gráloðin af stjarnhárum. Þegar reifar eru lítið stjarnhærðar og áberandi snoðnar er svarti liturinn á grunni broddháranna mjög áberandi. Oft eru jaðrar reifablaða, einkum innri reifablaða, áberandi ljósir. Körfustilkar eru oft stuttir og körfur því þétt saman en stundum eru körfustilkar langir og körfur geta verið margar. Tennur á neðsta hluta blaða stundum stórar. Blöðkugrunnur getur stöku sinnum verið nokkuð þver. Það er afar sjaldan sem stöngulblöð vantar alveg en það kemur fyrir.

## 5. HLUTI

Nú á ég eftir að taka til umfjöllunar 104 tegundir úr kerfi Ingimars, ásamt tveim afbrigðum. Þessar tegundir skiptast þannig í deildir og undirdeildir:

Alpina	43
Nigrescentia	19
Vulgata-Silvatica	28
Oreadea	11
og afgangstegundir úr:	
Cerinthoidea	2
( <i>H. megalomeres</i>	
<i>H. sarcophyllum</i> )	
Vulgata-Caesia	
( <i>H. congenitum</i> var.	
<i>laevihirtistylum</i> )	
Alpestria-Semi-Dovrensia	
( <i>H. arrostocephalum</i> )	1
Alls	104

Í þennan hluta tek ég afgangstegundirnar tvær úr Cerinthoidea, ásamt afbrigðinu úr Vulgata - Caesia, allar tegundirnar 12 sem eftir eru í deildinni Oreadea og allar tegundirnar 28 sem eftir eru í deildinni Vulgata - Silvatica. Einnig sækji ég tvær tegundir í Nigrescentia, *H. chaetophyllum* Osk. og *H. oncadenum* Osk. Einnig tek ég eitt afbrigði þaðan, *H. skutudalicum* Osk. var. *multiglandulans* Osk. Alls eru þetta 42 tegundir og tvö afbrigði til viðbótar. Þetta verður nokkur hræri-grautur lítt skyldra tegunda en ég tel það vænlegasta kostinn að grauta í þessu öllu í einu og sjá til hvað út úr því kann að koma.

### Hliðafifill - *Hieracium thaectolepium* Dahlst.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

- H. aeoloccephalum* Omang
- H. basipinnatum* (Omang) Gröntv.
- H. basipinnatum* (Omang) Gröntv. var. *densiceps* Osk.
- H. chaetophyllum* Osk.
- H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk.
- H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. var. *extractifrons* (Omang) Osk.
- H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. var. *floccilimbatum* (Dahlst.) Osk.
- H. euglaucum* Omang
- H. floccellum* Omang
- H. lasiophyllum* sensu Osk.
- H. megalomeres* Omang

- H. megalomeres* Omang var. *anogymnum* Osk.  
*H. paurodontum* Osk.  
*H. perornaticeps* Omang  
*H. poliobrachium* Osk.  
*H. prasinamaurum* Osk.  
*H. stenopholidium* (Dahlst.) Omang  
*H. stenopholidium* (Dahlst.) Omang var. *platypholidium* Omang  
*H. stenopholidium* (Dahlst.) Omang var. *punctistylum* Osk.  
*H. superbum* (Strömf.) Dahlst.

Það er verulegt álitamál hvaða latneska nafn á að nota á þessa tegund. Hún hefur oft verið nefnd *H. schmidtii* Tausch en ég hef ekki séð nein erlend eintök sem hafa verið greind til þeirrar tegundar og get því ekkert um það sagt hvort það er ef til vill rétta nafnið. Þetta nafn treysti ég mér því ekki til að nota hér. Nafnið *H. superbum* (Strömf.) Dahlst. er notað á hana í 2. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1924). Þetta nafn hefur verið afar litið notað og við flest þeirra eintaka sem svo hafa verið nafngreind hefur verið ritað að þau séu afbrigðileg. Ástæðan er sú að eintökin úr Glerárgili, nafneintök tegundarinnar, eru að tvennu leyti afbrigðileg sé miðað við t. d. *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. Eintökin eru óvenju stórvaxin og kirtihár á reifum eru heldur lengri en venjulegt er. Það fer þó ekkert á milli mála hvar í kerfinu þessi eintök eiga heima. Þetta nafn verður ekki notað hér vegna þess að til eru eldri tegundanöfn á tegundina. Ekkert nafn hefur verið notað eins mikil um þessa tegund og *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. Þetta er þó allt of ung samsetning til að koma raunverulega til greina. Ingimar Óskarsson (1966) notar *H. lasiophyllum* Koch um nokkur eintök sem ég tel til þessarar tegundar. Þetta nafn er eldra en nöfn Dahlstedts en ég hef engin erlend eintök séð sem hafa verið svo nafngreind og treysti mér ekki til að nota þetta nafn frekar en *H. schmidtii* Tausch. Í fyri umfjöllun notaði ég nafnið *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. um tegundina. Ég er enn þeirrar skoðunar að nafneintök þeirrar tegundar séu af þessari tegund. Eintak *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. frá Árnabotni er vissulega af *H. chlorolepiotum* (Zahn) Osk. Gallinn er sá að skilningur Ingimars á tegundinni var allt annar. Meginhlut þeirra eintaka sem nafngreindur hefur verið sem *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. er hér talinn til annarrar tegundar. Ég nota því ekki þetta nafn á tegundina hér. Nafneintök *H. trichotum* (Dahlst.) Dahlst., sem síðar var breytt í *H. hemitrichotum* (Zahn) Omang, eru einnig af þessari tegund en þetta nafn hefur verið skilið á annan hátt. Nafneintak *H. thaectolepium* Dahlst. er af þessari tegund. Sem tegundarnafn er það jafngamalt *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. og það hefur ekki verið misnotað því Ingimar (1966) gefur aðeins einn fundarstað og er það fundarstaður nafneintaksins. Þetta er eina eintakið sem ég hef séð nafngreint sem *H. thaectolepium* Dahlst. Þótt þessi tegund hafi alla tíð verið höfð í rangri ættkvíslardeild tel ég besta kostinn vera að nota *H. thaectolepium* Dahlst. um þessa tegund. Ég nota hér sama íslenska nafnið og í fyri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989). Þungamiðja þessarar tegundar eru þau eintök sem nefnd hafa verið *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk.

Skilgreining tegundarinnar hefur verið þrengd nokkuð frá fyrri umfjöllun. Í fyrri umfjöllun taldi ég þau eintök sem Ingimar nafngreindi sem *H. lasiophyllum* Koch til *H. anglicum* Fries en ég hef fallið frá því og tel nú að eintökin séu af þessari tegund. Ég taldi í fyrri umfjöllun *H. polio-brachium* Osk. til *H. holopleurum* Dahlst. en sé nú að það voru mistök. Þessar þrjár plöntur eru líklega náskyldar *H. perornaticeps* Omang og nafneintökum *H. paurodontum* Osk. og eiga því heima í *H. thaectolepium* Dahlst.

Í fyrri umfjöllun taldi ég að eintök *H. basipinnatum* (Omang) Gröntv. var. *densiceps* Osk. ættu heima í *H. anglicum* Fries í viðustu merkingu en nú tel ég að þessi eintök eigi heima í sömu tegund og *H. basipinnatum* (Omang) Gröntv., *H. perornaticeps* Omang og *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk.

Í fyrri umfjöllun setti ég það eina eintak sem til er af *H. prasinamaurum* Osk. í *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. en ég breyti þessu hér og tel nú eintakið vera náskylt *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. og tel það því til *H. thaectolepium* Dahlst.

Að öðru leyti læt ég nægja að vísa í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

Oft er þetta auðþekkt tegund en það getur verið afar erfitt að ákveða sumum eintökum stað.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur oftast án stöngulblaða en stundum með einu smáu stöngulblaði. Stöku sinnum eru plöntur með einu nokkuð stóru stöngulblaði. Broddhár á blaðröndum oftast áberandi löng og gróf. Stílar á þurrkuðum plöntum oftast gulir en geta verið gulgráir, gulmórauðir eða mórauðir. Körfur oftast í meðallagi stórar eða stórar. Blöð oft bláleit og stundum dálitið rauðleit. Blaðgrunnur oftast þver og blöð oft breið neðst og mjókka fram, oft tennt, einkum neðst. Blöð geta einnig verið eggлага eða aflöng. Tennur eru oft stórar en blöð geta verið heilrend. Blöð oft svo til hárlaus á efra borði en geta verið hærð báðum megin. Stutt, gul kirtihár oftast nokkuð auðfundin á blaðröndum. Neðra borð blaða oft svo til stjarnháralaust en það getur verið verulega stjarnhært og stundum er efra borðið einnig stjarnhært. Reifablöð löng og mjó. Reifar með löngum, ljósum eða gulleitum, oft hroknum broddhárum. Grunnur broddháranna er oftast svartur. Stjarnhár oft nokkuð áberandi á jöðrum reifa-blaða. Kirtihár á reifablöðum stutt eða frekar stutt, oftast gul eða hálfglær eða hnúður er gulleitur. Kirtihárin eru þó stundum nokkuð dökk. Stöku sinnum eru kirtihárin heldur lengri en venjulegt er en þær plöntur eru nokkuð auðþekktar á öðrum einkennum. Reifablöð oft mislit, miðjan dökk en jaðrar áberandi ljósir. Ljós broddhæring neðst á körfunum er oftast áberandi en reifar geta einnig verið frekar snöggar.

### **Merkurifill - *Hieracium acidotooides* (Dahlst.) Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. euprosopum* sensu Osk.

*H. senex* sensu Osk.

*H. senex* (Dahlst.) Dahlst. var. *laugabolense* Osk.

Við fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) um *H. acidotooides* (Dahlst.) Dahlst. er því að bæta að við nánari skoðun á eintökunum sem Dahlstedt notaði þegar hann lýsti tegundinni upphaflega (Helgi Jónsson 1896) hefur komið í ljós að eintakið frá Höskuldsstöðum er ekki af sömu tegund og eintökin frá Þingmúla og Seyðisfirði. Eintakið frá Þingmúla er gott og nokkuð auðgreint. Það er greinilega af þeirri tegund sem Ingimar átti við með *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. Í fyrri umfjöllun er rætt um þann misskilning Ingimars að nafneintök *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. væru bæði frá Austurlandi og Vesturlandi. Í upphaflegu lýsingunni (Helgi Jónsson 1899) nefnir Dahlstedt aðeins eintök frá Vesturlandi. Þau eintök sem ég hef séð frá Vesturlandi og nafngreind eru af Dahlstedt eru ýmist af *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. eða þau eru illgreinanleg eða ógreinanleg. Það kann þó að vera að einhver þeirra séu af þessari tegund. Hvað Ingimar átti við með nafninu er hins vegar ljóst. Þau eintök sem ég hef séð og eru nafngreind af Omang sem *H. euprosopum* Omang eiga heima í *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. en Ingimar skildi tegundina öðru vísi. Ég nota hér nafnið *H. acidotooides* (Dahlst.) Dahlst. fyrir þessa tegund. Ég tel núna að það sé fyllilega réttlætanlegt að telja þetta sjálfstæða tegund og reyndar nauðsynlegt að aðgreina hana frá þeim tegundum öðrum sem fólust í hinni víðu skilgreiningu sem notuð var í fyrri umfjöllun.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. var. *laugabolense* Osk. til *H. hololeurum* Dahlst. Ég hef nú skipt um skoðun á því. Nafneintökin frá Laugabóli eru að vísu ekki dæmigerð fyrir *H. acidotooides* Dahlst. eða *H. senex* í skilningi Ingimars en vant er að sjá hvar ætti að setja þau annars staðar en hér.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án stöngulblaða. Aðeins örsjaldan er eitt litið stöngulblað. Kirtihár á reifum í meðallagi löng, dökk, eru ekki yfirgnæfandi í hæringu reifa. Broddhár á reifum ljós í endann, oft hrokkin. Þau eru oft fjölmörg neðst á körfunum og eru þá afar áberandi. Stjarnhár á jöðrum reisablaða, stundum einnig á baki. Körfur smáar eða í meðallagi stórar. Reifar dökkar. Reifablöð löng og mjó. Körfustilkar með dökkum kirtihárnum, stjarnhárnum og oftast nokkrum broddhárnum. Stílar á þurrkuðum plöntum gulmórauðir, grágulir, gulgráir, mórauðir eða grásvartir. Blöð oftast græn, hjartalaga eða eggлага og oft eru sum þeirra aflöng og ydd. Blöð oftast litillega tennt en geta verið með nokkuð stórum tönnum neðst. Blaðgrunnur oft nokkuð þver en mjókkar stundum smám saman

niður að stilk. Oft eru sum blöðin með þverum grunni og eru þá kringluleit eða hjartalaga en önnur með smámjókkandi grunni og eru lengri. Tennur neðst á blöðum geta vísað nokkurn veginn þvert út frá blaðrönd en vísa ekki niður á við. Blöð oftast með broddhárum bæði á efra og neðra borði og með stjarnhárum á neðra borði, stundum einnig á efra borði.

### Vallafifill - *Hieracium cretatum* Dahlst.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. habrodon* Osk.

*H. nordenstamii* Osk.

*H. hemitrichotum* sensu Osk.

*H. hemitrichotum* (Zahn) Omang var. *pertenellum* Osk.

*H. hemitrichotum* (Zahn) Omang var. *sarcophyllifolium* Omang

*H. pallidivirens* Osk.

*H. pellaecephalum* Omang

*H. praecordans* Omang

*H. sarcophylloton* Osk.

Tegundin *H. cretatum* Dahlst. er það frábrugðin *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. að aðgreining er yfirleitt auðveld og er hæring reifa augljósasta einkennið. Hvernig á að afmarka tegundina er erfðara mál. Dæmigerður *H. cretatum* Dahlst. í þrengstu merkingu er með áberandi stjarnhærðum reifum en mér sýnist að ekki sé unnt að nota það einkenni til að halda öðrum tegundum utan við þess vegna. Slika stjarnhæringu er að finna á sumum öðrum tegundum sem hér eru talðar til tegundarinnar í viðari merkingu. Blaðlögun tegundarinnar er yfirleitt nokkuð sérkennileg. Blaðrendur neðst í blöðku fara ekki þvert út frá stilknum heldur fara þær niður á við þannig að blaðgrunnur verður áberandi hjartalaga. Þetta er einnig áberandi einkenni á flestum þeirra tegunda sem hér eru talðar til *H. cretatum* Dahlst. Þetta einkenni er þó mismikið áberandi eftir eintökum innan flestra tegundanna. Annað sameiginlegt einkenni er að kirtihár á reifum eru stutt og still er yfirleitt dökkur.

Ég set *H. hemitrichotum* í skilningi Ingimars hér. Blaðlögun þeirrar tegundar er ákaflega lík blaðlögun *H. cretatum* Dahlst. en hæring reifa er að því leyti frábrugðin að broddhæring er meira áberandi. *H. hemitrichotum* (Zahn) Omang var. *pertenellum* Osk. er þó með sömu hæringu á reifum og *H. cretatum* Dahlst. Sum þeirra eintaka sem óhjákvæmilegt virðist vera að setja í *H. pallidivirens* Osk. eru með sömu hæringu á reifum og einnig nafneintök *H. nordenstamii* Osk. Hæring reifa er nokkuð mismunandi innan allra smátegundanna og mér virðist ekki unnt að halda þeim aðgreindum með góðu móti. Þess vegna sameina ég þær í eina tegund. Það verður síðan að koma í ljós hvort það hefur verið misráðið eða ekki.

Tegundin *H. sarcophylloton* Osk. er sett hér en Ingimar setti hana í ættkvíslardeildina Cerinthoidea með t.d. *H. anglicum* Fries. Nafneintökin eiga ekkert skylt við *H. anglicum* Fries en öll eintök frá Austfjörðum sem Ingimar setti í tegundina eru af *H. anglicum* Fries.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég að eintak *H. pellaecephalum* Omang frá Svinafelli ætti heima í *H. holopleurum* Dahlst. Þetta get ég ekki fallist á nú og tel að eintakið sé náskylt *H. pallidivirens* Osk. og því set ég tegundina hér.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) setti ég *H. nordenstamii* Osk. í sömu tegund og *H. stenopholidium* (Dahlst.) Omang og *H. perornaticeps* Omang. Flest eintök sem nafngreind hafa verið sem *H. nordenstamii* Osk. eru svo náskyld þessum tveim tegundum að alls engan mun er að finna. Þannig eru öll eintök frá Vestfjörðum óaðgreinanleg frá þessum tegundum. Nafneintökin eru nokkuð frábrugðin og tel ég þau hér til sömu tegundar og *H. hemitrichotum* sensu Osk. Hæring reifa minnir reyndar mun meira á hæringuna hjá *H. cretatum* Dahlst. en á dæmigerðum *H. hemitrichotum* sensu Osk. Þau eru illgreinanleg eða ógreinanleg frá sumum eintökum *H. sarcophylloton* Osk. og virðast greinilega eiga heima í sömu tegund.

*H. habrodon* Osk. er nokkurt vandamál. Eintökin líkjast mjög sumum þeirra eintaka sem hafa verið nafngreind sem *H. integrilaterum* (Dahlst.) Dahlst. Sú tegund er afar illa afmörkuð. Flest eintök sem svo hafa verið nafngreind eru náskyld *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. en eru með svo til heilrendum blöðum. Hæring reifa er afar mismunandi en flest eintakanna eru með mjög svipaða hæringu á reifum og *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. *H. habrodon* eintökin, sem öll eru frá sama stað, eru með nokkuð annarri blaðlögun og með nokkuð frábrugðinni hæringu á reifum. Ég hef tekið þann kost að setja þessi eintök hér en um leið var óhjákvæmilegt að örfa eintök fylgdu með sem höfðu verið nafngreind sem *H. integrilaterum* (Dahlst.) Dahlst.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur oftast án stöngulblaða en geta verið með stöngulblaði. Blöð oftast hjartalaga. Köfur smáar eða frekar smáar. Kirtihár á reifum stutt, dökk. Stílar frekar dökkir. Blöð litið hærð, oft rauðleit eða bláleit, einkum á neðra borði. Hvirfingblöð hjartalaga, sporлага eða eggлага, litið hærð, oft hárlaus á efra borði. Blöð lítillega tennt, einkum neðst. Neðstu tennur vísa oftast niður á við en stundum þvert út frá blaðrönd. Tennur neðst á blaðrönd eru stundum frekar separ en tennur. Körfustílkar oft svo til án kirtihára en með fjölda stjarnhára og nokkru af broddhárum. Reifablöð löng og mjó, stundum gráloðin af stjarnhárum. Stundum eru þó stjarnhár litið áberandi í hæringu reifa og meira ber á öðrum hárgerðum. Stutt, dökk kirtihár á reifablöðum en þau eru oftast fá. Broddhár eru einnig oft frekar fá en broddhár geta

verið alláberandi, einkum neðst á körfum. Þau eru með dökkum grunni. Stilar á þurrkuðum plöntum gulgráir, gulmórauðir, mórauðir eða grásvartir.

### **Arinfifill - *Hieracium aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst.**

Til þessara tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. amphichnoum* Osk.

*H. anomodon* Osk.

*H. apachyglossum* Osk.

*H. arnarfellense* Osk.

*H. atricholepium* Osk.

*H. belonodontum* (Dahlst.) Dahlst.

*H. catoxylepis* Omang

*H. congenitum* (Dahlst.) Dahlst. var. *levihirtistylum* Osk.

*H. erigescens* Omang

*H. furfurosum* (Dahlst.) Dahlst.

*H. furfurosum* (Dahlst.) Dahlst. var. *lasioanthum* Osk.

*H. integrilaterum* (Dahlst.) Dahlst.

*H. integrilaterum* (Dahlst.) Dahlst. var. *trichotoides* Dahlst.

*H. leucoclonum* Osk.

*H. levihiertum* Omang

*H. macropholidium* (Dahlst.) Dahlst.

*H. macropholidium* (Dahlst.) Dahlst. var. *albinervum* Omang

*H. macropholidium* (Dahlst.) Dahlst. var. *retifoliosum* Osk.

*H. oncadenium* Osk.

*H. pammelanum* Omang

*H. semiprolixum* Dahlst.

*H. semiprolixum* Dahlst. var. *stilbophorum* Osk.

*H. skutudalicum* Osk. var. *multiglandulans* Osk.

Tegundaskilgreining er hér þrengd nokkuð frá fyrri umfjöllun (Bergbör Jóhannesson 1989) en sú umfjöllun sem þar er að finna um flestar þær tegundir og afbrigði sem hér eru talin til tegundarinnar ættu að nægja og víast til hennar.

Þegar Omang (1938) lýsti *H. erigescens* Omang var hann með eintök frá þrem stöðum, m.a. frá Gilsbakka. Ingimar Óskarsson (1966) velur að sýna eintak frá Gilsbakka, sem er ekki nafngreint af Omang. Það eintak er af *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. Í fyrri umfjöllun gekk ég fram hjá því eintaki og valdi annað eintak, nafngreint af Omang, til að fara eftir. Eintakið frá Gilsbakka sem Omang hafði hef ég ekki séð. Ég tel nú ráðlegast að fylgja vali Ingimars.

Hvar tegundin *H. pammelanum* Omang er sett skiptir í raun litlu máli. Samkvæmt því sem Ingimar Óskarsson (1966) segir eru þau örfáu eintök sem Omang setti undir þessa tegund af mörgum tegundum. Í fyrri umfjöllun för ég mest eftir lýsingu Omangs en hana er afar lítið að marka því hann er að lýsa sem einni tegund eintökum af litt skyldum tegundum. Ég hef aðeins séð eitt eintak sem Omang hafði er hann lýsti tegundinni. Það er af *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. samkvæmt þeirri tegunda-skilgreiningu sem ég nota hér. Í fyrri umfjöllun setti ég þessa tegund i sömu tegund og *H. stenopholidium* (Dahlst.) Omang og *H. chlorolepidotum* (Zahn) Osk. en eftir því sem Ingimar segir eru eintök þessara tegunda meðal þeirra eintaka sem Omang setti undir *H. pammelanum* Omang.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur án stöngulblaða eða með einu smáu stöngulblaði. Afar sjaldan með einu, nokkuð stóru, stöngulblaði. Körfur smáar, frekar smáar eða mjög smáar. Reifablöð löng og mjó. Kirtihár á reifum löng eða mjög löng. Kirtihár mest áberandi hárgerð á reifum. Kirtihár áberandi á körfustilkum. Stilar á þurrkuðum eintökum oftast nálægt því að vera gulmórauðir eða grámórauðir.

Hvirfingblöð oft margvislega löguð á sömu plöntu, eggлага, sporлага eða lensulaga, oftast tennt, oft hvasstennt en smátennt. Stundum eru tennur nokkuð stórar á neðri hluta blaðs. Blöð geta verið heilrend. Blaðka vel afmörkuð frá stílk. Blöð mjókka stundum smám saman niður að stílk en eru stundum þverstýfð að neðan. Blöð oftast græn, sjaldan eitthvað rauðleit eða bláleit. Blöð lítið hærð. Efra borð oft broddháralaust en stundum með broddhárum. Stjarnhár oft allþétt á neðra borði og stundum er nokkuð af þeim á efra borði.

Á körfustilkum eru löng kirtihár, einnig stjarnhár og oftast eitthvað af broddhárum en þau vantar stundum alveg. Reifablöð löng og mjó. Reifar dökkar. Innri reifablöð eru þó stundum frekar ljós. Löng kirtihár mest áberandi hárgerð á reifum. Oftast eru kirtihárin svört en stundum er hnúðurinn gulur. Stjarnhár oft áberandi á jöðrum reifa og stundum einnig á baki reifablaða. Broddhárafjöldi nokkuð misjafn en oftast eru broddhár lítið áberandi og vantar oft að mestu eða alveg. Broddhár oft dökk neðan til og aðeins fremsti hlutinn ljós. Stundum eru broddhárin öll dökk. Stilar á þurrkuðum plöntum gulgráir, gulmórauðir, grágulir, grámórauðir, gráir eða grásvartir, sjaldan svo til eða alveg hreingulir.

## 6. HLUTI

Nú eru eftir nær allar tegundir sem Ingimar telur til deildarinnar Alpina og flestar þeirra tegunda sem hann telur til deildarinnar Nigrescentia og ein sem hann telur til Alpestria - Semi-Dovrensia.

Alpina	43
Nigrescentia	17
Alpestria- Semi-Dovrensia	1
Alls	61

### Ingimarsfifill - *Hieracium arrostocephalum* Omang

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegund í kerfi Ingimars: *H. subobtusum* sensu Osk.

Nafneintak *H. subobtusum* Dahlst. er frá Hrauni í Fljótum. Ég hef séð eintak frá Hrauni sem Dahlstedt notaði þegar hann lýsti tegundinni. Teikningar hans og lýsing koma fullkomlega heim við þetta eintak. Skilningur Ingimars á *H. subobtusum* Dahlst. er kominn frá Omang sem færði nafneintak *H. hyparcticum* Almq. var. *islandiae* Dahlst. frá Hrauni inn í tegundina. Nafneintak þessa afbrigðis hef ég séð og tel ég það eiga heima í *H. arrostocephalum* Omang.

Ég fæ ekki séð að unnt sé að fullyrða að nafneintak *H. subobtusum* Dahlst. sé af sömu tegund og eitthvert annað eintak sem hefur verið nafngreint sem *H. subobtusum* Dahlst. Þau eru reyndar af ótrúlega mörgum tegundum að minu mati (Bergþór Jóhannsson 1989). Meginhluta þeirra tel ég þó til *H. arrostocephalum* Omang. Lýsingar Dahlstedts í 2. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1924) eru sumar frekar gagnslitlar en það verður varla sagt um lýsingar hans á *H. subobtusum* Dahlst. og *H. hyparcticum* Almq. var. *islandiae* Dahlst. Í lýsingunum kemur fram afgerandi munur á hæringu reifa sem kemur fullkomlega heim við eintökin sem ég hef séð og Dahlstedt hafði til umráða.

Nafneintak *H. subobtusum* Dahlst. er greinilega afbrigðilegt og illa þroskað og gildir þá einu hvar reynt er að koma því fyrir. Ég get ekki með neinni vissu sett það í ákveðna tegund. Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) taldi ég það til *H. bipediforme* Dahlst. en nú dreg ég í efa að það sé rétt, sérstaklega vegna þess að það er engan veginn víst að þau eintök sem ég bar það saman við og hafa verið nafngreind sem *H. bipediforme* Dahlst. séu af þeirri tegund. Líking þeirra við eintök sem nefnd hafa verið *H. leucodetum* Omang var. *centrophorum* Osk. er slik að vandséð er hvers vegna þau voru ekki sett þar. Ég læt því liggja milli hluta hvar nafneintak *H. subobtusum* Dahlst. á heima og nota nafnið hér eins og Ingimar skildi það.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvirsingu á blómgunartíma og 1-3 stöngulblöðum. Kórfur áberandi smáar og niðurmjóar, oft fjölmargar. Kirtihár á reifum löng, dökk. Stilar á þurrukuðum plöntum oftast næstum svartir en geta verið gulgráir. Stöngulblöð oftast tígullaga. Neðstu stöngulblöð nær alltaf stilkuð og stilkur þess nokkuð greinilega greipfættur. Ystu hvirfingblöð oft næstum kringlótt eða eggлага en önnur tígullaga eða breiðlensulaga. Stundum eru öll hvirfingblöðin tígullaga. Þau geta einnig flest verið eggLensulaga eða breiðlensulaga. Blöð græn, bláleit, gulleit eða dálitið rauðleit. Blöð oft næstum heilrend en geta verið hvassstennt, einkum neðantil. Reifablöð löng, frammjó, einlit, dökk. Auk kirtihára eru stjarnhár og broddhár á reifablöðum.

### **Kvislfifill - *Hieracium magnidens* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. anochnum* Osk.

*H. bipediforme* Dahlst.

*H. bipediforme* Dahlst. var. *nigrisquamiferum* Osk.

*H. dissotocoides* Omang

*H. hraunense* Omang

*H. hyocomium* Osk.

*H. phrixomalliforme* Omang

*H. semibipes* (Dahlst.) Dahlst.

*H. skutudalicum* Osk

*H. stefanssonii* Omang

*H. tanyclonum* Osk.

Nafneintök *H. magnidens* Dahlst. eru frá Hvammi. Ég hef nú séð eintokin þaðan. Nafneintak *H. hraunense* Omang var upphaflega nafngreint af Dahlstedt sem *H. magnidens* Dahlst. Nafneintak *H. semibipes* (Dahlst.) Dahlst. er frá Snæfellsnesi. Ingimar (Ingimar Óskarsson 1966) færði það í *H. magnidens* Dahlst. Nafneintök *H. bipediforme* Dahlst. eru af Ströndum. Þau eintök eru afar litið frábrugðin mörgum þeirra eintaka sem hafa verið nafngreind sem *H. magnidens* Dahlst. Mér sýnist að öll þessi eintök geti talist til sömu tegundar. Mörg eintök eru til sem nafngreind hafa verið sem *H. bipediforme* Dahlst. Munur á þeim innbyrðis er mun meiri en á nafneintökum *H. bipediforme* Dahlst., *H. magnidens* Dahlst., *H. hraunense* Omang og *H. semibipes* (Dahlst.) Dahlst. Af þessum nöfnum er *H. magnidens* Dahlst. elst og hefur forgang fram yfir hin.

Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) hélt ég *H. semibipes* Dahlst. sem tegund. Ég fell nú frá því og sameina *H. semibipes* (Dahlst.) Dahlst. og *H. magnidens* Dahlst.

Eins og bent er á í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) eru þau eintök sem Ingimar Óskarsson (1966) birti mynd af sem *H. hraunense* Omang ekkert skyld eða lík nafneintaki *H. hraunense* Omang.

Þau eintök sem nafngreind hafa verið sem *H. tanyclonum* Osk. eru frá tveim stöðum. Eintökin frá Botni í Súgandafirði eiga greinilega heima í *H. magnidens* Dahlst. Nafneintökin frá Selárdal í Súgandafirði eru nokkuð frábrugðin en líkjast mjög ýmsum eintökum *H. bipediforme* Dahlst. af Ströndum. Því set ég tegundina í heild hér. Ingimar Óskarsson (1957) taldi nafneintökin skyld *H. piciniforme* Dahlst. Ég set næstum öll eintök af Ströndum og Vestfjörðum sem nafngreind hafa verið sem *H. piciniforme* Dahlst. í *H. magnidens* Dahlst.

Eintök *H. stefanssonii* Omang eru heldur léleg og er erfitt að átta sig á þeirri tegund en ég tel réttast að setja hana hér.

Sum þeirra eintaka sem hafa verið nafngreind sem *H. hyocomium* Osk. eru nokkuð dæmigerð fyrir *H. apicicomum* Omang og hef ég fært þau þangað. Flest eintakanna, þar á meðal nafneintökin, tel ég að eigi heima í *H. magnidens* Dahlst.

Um aðrar tegundir vísast í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989).

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Plöntur með blaðhvifingu á blómgunartíma og oftast 1-2 stöngulblöðum. Oft er eitt nokkuð stórt stöngulblað. Fyrir kemur að stöngulblöð vantár. Kórfur oftast 2-6, jafnvel fleiri en stundum er aðeins ein karfa. Kórfur í meðallagi stórar eða stórar. Stundum er ein karfan stór en aðrar smáar og þegar kórfur eru margar geta þær verið smáar. Reifar oftast þéttloðnar af löngum broddhárum, sem oftast eru bein. Grunnur háranna dökkur en framhlutinn oftast ljós. Kirtihár á reifum stutt og gul eða frekar stutt og þá stundum gráleit. Stjarnhár eru stundum það fá og dreifð að erfitt er að finna nokkur en oft eru þau greinileg á jöðrum reifablaða, sérstaklega á ytri reifum. Reifablöð geta verið með talsverðu af stjarnhárum á baki en oftast eru þar aðeins fá stjarnhár. Stundum eru stjarnhár aðeins neðst á körfunni. Fjöldi stjarnhára og broddhára er talsvert breytilegur á reifum og örsjaldan eru broddhárin það dreifð að kórfur verða frekar snöggar. Stilar á þurrkuðum plöntum oftast svartir en stundum mórauðir. Hvirfingblað eru oft mismunandi að lögun á sömu plöntu, eggлага, tígullaga og breiðlensulaga eða þríhyrnd. Blöðin eru greinilega tennt, sérstaklega neðan til og eru tennur oft stórar og hvassar. Tennur ná oft niður eftir stilknum. Stutt, gul kirtihár nokkuð auðfundin á blaðröndum. Blöð oftast græn en geta verið bláleit eða örliðið rauðleit. Stöngulblaðið er oft með hvössum, stórum tönnum. Blaðgrunnur hvirfingblaða er oft þver og blöð eru oft breiðust neðst. Blöðin mjókka því sjaldan smám saman niður að stilk en ef svo er, eru þau oftast nokkuð áberandi tennt neðan til.

**Vargsfifill - *Hieracium lygistodon* Dahlst.**

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

- H. aphyllocaule* Osk.
- H. apicicomum* Omang
- H. apicicomum* Omang var. *centrolepium* Osk.
- H. apicicomum* Omang var. *diacritum* Omang
- H. austurgilense* Omang
- H. cataponum* Omang
- H. chordum* Osk.
- H. chordum* Osk. var. *majusculifrons* Osk.
- H. chrysocladium* Osk.
- H. davidssonii* Omang
- H. edentulum* Osk.
- H. fusciviride* Osk.
- H. gigantocephalum* Osk.
- H. hafstroendense* Osk.
- H. haploum* Omang
- H. holostenophyllum* Omang
- H. integrifrons* Osk.
- H. leucomalloides* Osk.
- H. macrolasium* Osk.
- H. monanthum* Omang
- H. nanidens* Osk.
- H. nepium* Omang
- H. obtusangulum* Dahlst.
- H. piciniforme* Dahlst.
- H. piciniforme* Dahlst. var. *praeobtusum* Osk.
- H. praegrandiceps* Osk.
- H. pyrolifolium* Osk.
- H. repandilaterum* Osk.
- H. repandum* Dahlst.
- H. repandum* Dahlst. var. *leucomallum* Dahlst.
- H. repandum* Dahlst. var. *maurocephalum* Osk.
- H. repandum* Dahlst. var. *pumilare* Omang
- H. rubrimaculatum* Osk.
- H. rubrimaculatum* Osk. var. *polycephalorum* Osk.
- H. semipercome* Osk.
- H. skarddalicum* Osk.
- H. steindori* Omang
- H. stellatifolium* Omang
- H. subapicicomum* Osk.
- H. subfusciviride* Osk.
- H. subrotundiforme* Osk.

Uppistaða þessarar tegundar eru þau eintök sem nafngreind hafa verið sem *H. apicicomum* Omang og *H. repandum* Dahlst. Þetta er afar breytileg

tegund og nokkuð óljóst hvernig á að afmarka hana nákvæmlega. Mér sýnist að allar aðalgerðir hennar renni svo fullkomlega saman að ekki sé viðlit að halda þeim aðgreindum svo nokkur skynsemi sé í. Í fyrri umfjöllun taldi ég *H. edentulum* Osk. til *H. alpinum* L. en þetta er greinilega aðeins gerð af *H. repandum* Dahlst. Ég reyni hér að halda *H. stroemfeltii* Dahlst. sem tegund en er þó ekki viss um réttmæti þeirrar ákvörðunar. Þessa gerð þarf nauðsynlega að rækta. *H. stroemfeltii* Dahlst. virðist renna algerlega saman við *H. repandum* Dahlst. var. *cremnaeiforme* Omang og *H. repandum* Dahlst. var. *pumilius* Dahlst. Þessi afbrigði verður því að kljúfa frá *H. repandum* Dahlst. ef halda á *H. stroemfeltii* Dahlst. sem tegund. Þótt svo sé gert er *H. repandum* Dahlst. afar breytileg tegund sem rennur saman við *H. apicicomum* Omang og *H. lygistodon* Dahlst. á annan veginn en á hinn veginn frá *H. repandum* Dahlst. var. *leucomallum* Dahlst. yfir í ýmsar illa skilgreindar og óljósar smátegundir. Í fyrri umfjöllun hélt ég *H. rubrimaculatum* Osk. sem sérstakri tegund. Ég tel nú rétt að gefa það upp á bátinn að sinni. Rauðflekkótt blöð koma fyrir á fleiri gerðum annars staðar á landinu. Ræktun á *H. rubrimaculatum* Osk. hefur veikt verulega likurnar á að rétt sé að halda þessum gerðum sem sérstakri tegund. Ræktuðu eintökin urðu það lík ræktuðum eintökum af *H. apicicomum* Dahlst. að það virðist alls ekki réttlætanlegt að telja eintökin til mismunandi tegunda. Við nánari athugun á þeim eintökum sem ég taldi í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) til *H. rubrimaculatum* Osk. kemur í ljós að þau mynda ekki samstæðan hóp. Þannig eru eintök þau sem Ingimar nafngreindi sem *H. rubrimaculatum* Osk. frá Súgandafirði greinilega af *apicicomum*-gerð, eintökin frá Hnífsdal af *lygistodon*-gerð, eintökin frá Jökulfjörðum af *leucomallum*-gerð og eintökin úr Arnarfirði bæði af *leucomallum*- og *apicicomum*-gerð. Eintök *H. rubrimaculatum* Osk. var. *polycephalorum* Osk. eru sum af *repandum*-gerð, önnur af *apicicomum*-gerð og enn önnur mjög nálægt *lygistodon*-gerðinni. Svipað gildir um aðrar tegundir sem ég taldi til *H. rubrimaculatum* Osk. *H. leucomalloides* Osk. er augljóslega náskyldur *H. repandum* Dahlst. var. *leucomallum* Dahlst. og líklega eru eintökin aðeins blettótt eintök af *leucomallum*-gerðinni. Ég taldi *H. fusciviride* Osk. til *H. rubrimaculatum* Osk. Frá Goðdal eru til nokkrar plöntur sem safnað var á sama tíma. Ingimar hefur nafngreint þær til þriggja tegunda, *H. lygistodon* Dahlst., *H. apicicomum* Omang og *H. fusciviride* Osk. Þessar nafngreiningar eru svo sem ekki fráleitar en þegar eintökin eru sett hlið við hlið er augljóst að þau eru öll af sömu tegund og eintökin eru náskyld innbyrðis. Þegar eintök *H. fusciviride* Osk. eru skoðuð í heild kemur í ljós að mörg þeirra eru af *apicicomum*-gerð en önnur likari *H. repandum* Dahlst. í þrengstu merkingu. Nafneintök *H. piciniforme* Dahlst. var. *praeobtusum* Osk. eru svo lík *H. apicicomum* Omang og *leucomallum*-gerðinni af *H. repandum* Dahlst. að þau hljóta að eiga heima á sama stað og þau. *H. austurgilense* Omang virðist vera svipuð gerð. Um *H. piciniforme* Dahlst. má vísa í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989). Sum þeirra eintaka sem svo hafa verið nefnd set ég í aðrar tegundir, jafnvel í tegundir sem eru

alveg óskyldar *H. lygistodon* Dahlst, eins og *H. anglicum* Fries. Aðrar fara í skyldari tegundir, eins og *H. magnidens* Dahlst. Ég hef ekki séð neitt eintak af *H. piciniforme* Dahlst. sem hefur verið nafngreint af Dahlstedt. Þegar ég set tegundina hér fer ég því eftir þeim eintökum sem Ingimar hefur nafngreint og ég tel að sýni nokkuð vel skilning hans á tegundinni. Þau eintök líkjast ákaflega mikið mörgum eintökum *H. davidssonii* Omang úr Fljótum. Þau eintök sem ég hef séð af *H. catabonum* Omang virðast einnig skyld *H. davidssonii* Omang. Það eina eintak sem ég hef séð af *H. steindori* Omang er afar lélegt og er erfitt að segja til um hvar það á heima en ég set það hér.

Ég tel að *H. lygistodon* Dahlst. í viðri merkingu þurfi mun nánari athugunar við áður en skipting er reynd. Koma þá til álita fleiri gerðir en þær sem ég taldi til *H. rubrimaculatum* Dahlst. í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannesson 1989), svo sem *H. chordum* Osk., *H. nanidens* Osk. og *H. subfusciviride* Osk. Enn fremur tegundir eins og *H. hafstroendense* Osk. og *H. piciniforme* Dahlst. Fjölmargar af tegundum Ingimars eiga greinilega engan rétt á sér. Á það ekki aðeins við um sumar þeirra tegunda sem Ingimar bjó til heldur einnig og ekki síður þær tegundir sem Dahlstedt og Omang bjuggu til. Ég tel ráðlegast að draga til baka þá hugmynd mína að halda *H. rubrimaculatum* Osk. sem sérstakri tegund. *H. rubrimaculatum* Osk. og náskyldar gerðir eru því felldar inn í *H. lygistodon* Dahlst. *H. apicicomum* Omang og *H. repandum* Dahlst. virðast renna algerlega saman og *H. lygistodon* Dahlst. er greinilega ekkert annað en gerð af *H. apicicomum* Omang. *H. lygistodon* Dahlst. er elsta nafnið á íslensk eintök og er það nafn því notað hér. Það er ekki hægt að segja að það sé nokkur breytileiki á hæringu reifa innan tegundarinnar. Það er því nær eingöngu lögun blaða sem farið hefur verið eftir. Ég held að mikið af þeim breytileika sem er í blaðlögun megi rekja til mismunandi vaxtarstaða. Ræktunartilraunir gætu því komið að nokkrum notum hér.

### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Reifar kafloðnar af mjög löngum broddhárum. Fjöldi stuttra, gulra kirtlhára á reifum. Stjarnhár oftast aðeins neðst á körfum. Stundum má finna dreifð stjarnhár á jöðrum reifablaða og á stangli á bakhlið þeirra. Stutt, gul kirtlhár á blaðröndum og oft viðar á blöðunum. Stilar á þurrkuðum plöntum oftast svartir en geta verið grámórauðir, mórauðir eða gulgráir, stöku sinnum allt að því gulir. Stöngulblöð oftast 1-3, geta verið fleiri. Hvirfingblöð oftast tungulaga, frekar snubbótt í endann, oftast eitthvað tennt og stundum með hvössum, krókbognum tönnum neðst. Blöð geta verið heilrend. Blöð mjókka smáum saman niður að stilki. Smæstu hvirfingblöðin geta verið næstum kringlótt. Oft er ein karfa á stöngli en þær geta verið fleiri, alloft 2-4. Körfur á stórvöxnum eintökum stórar en á smærri eintökum eru þær oft miðlungsstórar. Blöð oftast græn en geta verið rauðleit eða rauðflekkótt. Broddhár á reifum bein, dökk neðst en ljós eða gráleit framan til.

### Vinafifill - *Hieracium stroemfeltii* Dahlst.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. angusticranum* Osk.

*H. einarssonii* Osk.

*H. percomiforme* Osk.

*H. petiolosum* Osk.

*H. repandum* Dahlst. var. *cremnaeiforme* Omang

*H. repandum* Dahlst. var. *pumilius* Dahlst.

*H. subrotundum* Dahlst.

Það er með hálfum huga sem ég sameina þessar gerðir í sérstakri tegund. Það kæmi mér ekki á óvart þótt frekari athuganir sýndu að hér væri um að ræða fjallagerðir af *H. lygistodon* Dahlst. Það virðist brýnt að rækta eitthvað af þessum gerðum. Það hefur mér vitanlega aldrei verið gert.

### Helstu einkenni tegundarinnar:

Plöntur með blaðhvifingu og oftast 1-3 stöngulblöðum. Körfur smáar eða frekar smáar, kafloðnar af löngum broddhárum. Á reifum er einnig fjöldi stuttra, gulra broddhára. Stilar á þurrkuðum plöntum svartir, stundum mórauðir. Stjarnhár aðeins neðst á körfum. Hvirfingblöð kringlótt eða eglлага, geta verið aflöng. Blaðka nokkuð vel afmörkuð frá stilk. Stilkur oft nokkuð langur og mjór. Blöð mjókka nokkuð snöggt niður að stilknunum. Oftast smáar eða frekar smáar plöntur og séu þær hávaxnar eru þær fingerðar. Stutt, gul kirtihár auðfundin á blaðröndum. Alloft er aðeins ein karfa á stöngli en þær geta verið 2-4, stundum jafnvel fleiri. Blöð oftast tennt, sérstaklega neðan til, geta verið heilrend. Tennur geta verið nokkuð stórar og hvassar. Blöð stundum rauðleit.

### Fellafifill - *Hieracium alpinum* L.

Til þessarar tegundar tel ég eftirfarandi tegundir og afbrigði Ingimars:

*H. alpinum* L. var. *adenoterum* Omang

*H. alpinum* L. var. *microlepium* Osk.

*H. exsiliuscolum* Omang

*H. gudbrandii* Osk.

*H. kalandonense* Dahlst.

*H. kalandonense* Dahlst. var. *dupliceps* Osk.

*H. perlaniferum* Osk.

*H. semialpinum* Osk.

*H. sericellum* Dahlst.

*H. taraxacifrons* Osk.

Hér nægir að flestu leyti að vísa í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989). Sú breyting er þó gerð hér að ég reyni nú ekki að halda *H. kalandonense* Dahlst. sem sérstakri tegund. Dahlstedt sem sjálfur lýsti tegundinni (Dahlstedt 1904) sleppir henni algerlega í 2. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1924). Ekki veit ég hver ástæðan hefur verið. Gerðir sem eru að ýmsu leyti svipaðar koma fyrir viðar, einkum smávaxnar fjallagerðir og einnig má benda á *H. gudbrandii* Osk. Rétt væri þó að gefa þessari gerð nánari gætur. Þessi gerð á liklega meiri rétt á afmörkun sem afbrigði en flestar aðrar gerðir tegundarinnar. Nú set ég *H. perlaniferum* Osk. hér en það gerði ég ekki í fyrri umfjöllun. Þetta virðist vera hávaxinn *H. alpinum* L. með blaðlögun sem kemur alloft fyrir á þeirri tegund. Mjög svipuðum eintökum hefur verið safnað nýlega sem örugglega eiga heima í *H. alpinum* L.

Oftast er þessi tegund auðþekkt frá *H. lygistodon* Dahlst. en svo er ekki alltaf. Það koma fyrir eintök sem virðast að einhverju leyti bera einkenni beggja. Benda má á eintök frá Vestfjörðum sem virðast standa á milli *H. alpinum* L. og *H. rubrimaculatum* Osk, eintök frá Tröllaskaga sem virðast standa á milli *H. alpinum* L. og *H. davidssonii* Omang og eintök úr Esjufjöllum sem virðast standa á milli *H. alpinum* L. og *H. stroemfeltii* Dahlst. Þetta virðast þó allt vera mjög staðbundin tilvik. Af þessum gerðum eru því aðeins þekkt örfá eða jafnvel stök eintök sem aðeins hafa fundist einu sinni. Annars er *H. alpinum* L. vel aðgreind og auðþekkt tegund en nokkuð breytileg.

#### **Helstu einkenni tegundarinnar:**

Reifar kafloðnar af mjög löngum broddhárum. Á reifum er einnig fjöldi stuttra, gulra kirtihára. Stílar á þurrkuðum plöntum oftast gulir, stundum gulgráir, gulmórauðir eða mórauðir. Stöngull áberandi loðinn. Stöngulblöð oftast 1-3 en geta verið fleiri. Hvíringblöð oftast spaðalaga eða lensulaga, mjókka smám saman niður að stilk. Blöðin oftast svo til heilrend en geta verið dálitið bugtennt. Blöð nokkuð mikið hærð. Aðeins ein karfa á hverjum stöngli. Örsjaldan kemur grein með einni körfu á endanum úr blaðöxl neðarlega á stöngli. Körfur oftast áberandi stórar en þó stundum aðeins í meðallagi stórar á smávöxnum eintökum. Reifar án stjarnhára nema neðst á körfum. Broddhár á reifum bein, oftast ljós í endann en dökk við grunninn en geta verið gráleit fram í enda. Fjöldi stuttra, gulra kirtihára á blaðrönd og oft viðar á blöðunum. Blöð alloft eitthvað rauðleit.

## BAKÞANKAR

Segja má að fyrsti hluti sé fjórskiptur. *H. thulense* Dahlst., *H. eleganti-forme* Dahlst. og *H. phrixoclonum* Omang eru hver um sig vel aðgreindar tegundir sem eru varla verulega skyldar innbyrðis. Hinar fjórar, *H. pullicalicitum* Omang, *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton, *H. macrocomum* Dahlst. og *H. demissum* (Strömf.) Dahlst., eru allar skyldar innbyrðis. *H. pullicalicitum* Omang og *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton eru náskyldar tegundir. *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. er liklega skyldari *H. macrocomum* Dahlst. en hinum. Nokkuð dæmigerð eintök allra þessara tegunda eru auðveld í greiningu en það koma fyrir eintök sem eru erfíð enda er útbreiðslusvæði allra þessara tegunda mjög svipað. Ég hef skoðað þennan hóp betur en nokkurn annan og tel að frekari athuganir án nýrra gagna leiði ekki til breyttrar niðurstöðu. Ég er sáttur við niðurstöðu mína hér.

Í öðrum hluta tel ég ekki ástæðu til frekari breytinga. Tegundirnar fjórar eru náskyldar en ég er nú þeirrar skoðunar að þeim beri að halda aðgreindum. Ég sameinaði þær í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) en reynsla mín síðan hefur sannfært mig um að það hafi verið rangt mat og dæmi um óþarsflega mikla samþjöppun.

Í þriðja hluta tel ég ekki ástæðu til breytinga. *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. má ekki sameina *H. thaectoleptum* Dahlst. þrátt fyrir að stundum geti mörkin milli þeirra verið erfíð. *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. er vel skilgreind og auðþekkt tegund en jaðareintök geta verið strembin. Ég sé heldur ekkert vit í að reyna að skipta henni.

Í fjórða hluta fæ ég út eina útbreidda og breytilega tegund og er sáttur við þá niðurstöðu. *H. holopleurum* Dahlst. er langoftast auðþekkt og auðgreind tegund, vel afmörkuð frá öðrum tegundum. Jaðareintök koma þó alloft fyrir. Ég tel að það hafi mistekist að halda *H. congenitum* Dahlst. sem sérstakri tegund og er nokkuð sannfærður um að það væri misráðið að reyna að halda *H. groentvedii* Osk. sem sérstakri tegund. Þegar þessar þrjár tegundir hafa verið sameinaðar standa aðeins eftir smátegundir sem aðeins örfá eintök eru til af. Sumar þeirra eiga augljóslega heima í *H. holopleurum* Dahlst. en aðrar eru byggðar á stökum eða örfáum jaðareintökum. Ég sé ekki að nein þeirra sé það sérstæð að ástæða sé til að halda henni aðgreindri. Ég tel ekki ástæðu til að reynt sé að kljúfa *H. holopleurum* Dahlst., í þeirri viðu merkingu sem hér er notuð, niður í fleiri tegundir.

Í fimmta hluta eru tegundirnar ekki allar sérlega skyldar innbyrðis. *H. thaectoleptum* Dahlst. er sér á báti og hefur skýr og auðfundin sérkenni þegar plöntur eru þokkalega dæmigerðar. Tegundin er breytileg og fyrir koma eintök sem erfitt getur verið að greina. Sérstaklega á þetta við þegar tegundin vex með öðrum tegundum. Þá geta sum eintakanna

farið að likjast eintökum annarra tegunda óþægilega mikið. Ég hef reynt að skipta *H. thaectolepium* Dahlst. á ýmsan hátt en jafnan gefist upp við það. Ég sé ekki nein einkenni sem halda þegar á reynir. Tegundin er mjög algeng á talsverðum hluta landsins og virðist breytilegust á þeim stöðum. Sá breytileiki virðist að einhverju leyti stafa af mismunandi aðstæðum á vaxtarstað, t.d. eftir því hvort plöntur vaxa á bersvæði eða í skjóli og skugga. Ég held það sé ráðlegast að halda henni sem einni breytilegri tegund og vera ekkert að reyna að búta hana niður í smærri einingar.

Aðaluppistaðan í *H. acidotoides* (Dahlst.) Dahlst. er *H. senex* í skilningi Ingimars. Á Austurlandi virðist þetta nokkuð vel afmörkuð tegund sem er í flestum tilvikum auðgreind frá *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. og *H. thaectolepium* Dahlst. og ekkert lík *H. cretatum* Dahlst. Skipting á henni kemur ekki til greina en eintökin frá vesturhluta landsins eru fá og fæst þeirra alveg dæmigerð fyrir tegundina. Nákvæm afmörkun hennar er því í sumum tilvikum dálitið óljós.

*H. cretatum* eins og sú tegund er afmörkuð hér er að hluta til nokkuð vel skilgreind og skýr en jaðartilvik geta verið óþægileg. Ég tel nauðsynlegt að halda þessari tegund aðgreindri frá öðrum tegundum. Einnig tel ég auðsætt að nokkrar aðrar smátegundir eiga að hverfa inn í hana. Skiptingu í fleiri tegundir tel ég ekki álitlega en ytri mörk tegundarinnar eru ekki sérlega skýr.

Þrátt fyrir að ég hafi margost skoðað og borið saman öll eintök í safni Ingimars af þeim tegundum Dahlstedts og Omangs sem ég tel hér til *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. hef ég engan botn fengið í það hvernig þær hafa verið aðgreindar. Til að skilja það þarf færari mann en mig. Það er augljóst að Ingimar hefur oft verið í miklum vandræðum með þessar tegundir og hefur oft breytt greiningum sinum. Þegar þessar tegundir eru allar skoðaðar sem ein heild verður hins vegar úr því vel afmarkaður hópur með skyrum sérkennum. Ástæður fyrir þeim tegundum sem Ingimar bjó sjálfur til er auðveldara að sjá. Þær byggjast flestar á einhvers konar jaðareintökum eða að Ingimar hefur verið með eintök af tveim tegundum. Ég sé ekki að það sé raunhæst að halda neinni þeirra. *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. er vissulega breytileg tegund en langoftast auðgreind. Ég kem ekki auga á vænlegra aðferð til að skipta henni eins og hún er skilin hér.

Ég hafði fyrir fram gert ráð fyrir að geta skipt fimmta hluta í fleiri tegundir en hér er gert en er sæmilega sáttur við þessa niðurstöðu með fjórum tegundum.

Í sjötta hluta er fyrsta tegundin, *H. arrostocephalum* Omang, ekki náskyld hinum. Reyndar átta ég mig ekki á hvar sú tegund á heima í kerfinu. Hinar tegundirnar eru skyldar en *H. magnidens* Dahlst. stendur samt nokkuð sér. Tegundin er töluvert breytileg og afmörkun hennar

getur verið óljós, einkum frá *H. lygistodon* Dahlst. Æg held þó að þessar plöntur myndi sæmilega samstæða einingu. Skipting í fleiri tegundir er varla vænleg og leiddi líklega aðeins til vandræða.

*H. alpinum* L. er yfirleitt auðþekkt og vel aðgreind tegund en hinum tvær, *H. lygistodon* Dahlst. og *H. stroemfeltii* Dahlst., mynda eiginlega óskiljanlegan hrærigraut sem þarf greinilega að athuga betur. Æg hef minni reynslu af tegundum í sjötta hluta úti í náttúrunni en af tegundum í öðrum hlutum. Í þeim hluta skortir einnig tilfinnanlega ræktun á mismunandi gerðum. Æg er ekki fyllilega ánægður með niðurstöður minar í sjötta hluta og það ber því að líta á minar hugmyndir hér að nokkru leyti sem tilraumatillögur.

Hvort þetta kerfi reynist betur í framkvæmd þegar til kastanna kemur en önnur kerfi sem notuð hafa verið um íslenska undafifla á eftir að koma í ljós. Kerfi Dahlstedts í 1. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1901) er frekar einfalt. Miðað við þá þekkingu sem fyrir hendi var á hverjum tíma er það langbesta kerfi sem er í nokkurri íslenskri Flóru. Þegar *H. islandicum* (J.Lange) Dahlst. er undanskilinn er Dahlstedt þar með 9 íslenskar tegundir. Í 2. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1924) er Dahlstedt kominn með tegundirnar upp í 41 og ræður ekki við að semja greiningarlykilinn. Það er augljóst að tegundirnar eru þá þegar orðnar of margar. Þó eru sex þeirra tegunda sem ég legg hér til að verði haldið sem tegundum þá ófundnar hér-lendis. Með riti Dahlstedts um íslenska undafifla (Dahlstedt 1904) fór af stað skriða sem ekkert varð við ráðið og eins og fram kemur í inngangi voru tegundirnar orðnar 176 þegar Ingimar Óskarsson lauk sínu mikla starfi. Þá eru ekki taldar með þær tegundir sem lýst hafði verið en hann viðurkenndi ekki sem fullgildar tegundir, en þær voru allmargar. Kerfi Omangs í Íslenskum jurtum (Áskell Löve 1945) er ónothæft þótt það sé nokkuð gott á köflum og niðurröðun íslenskra tegunda í kerfið í Evrópuflórunni (Sell & West 1976) er stórgölluð eins og fram kemur í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989). Í 3. útgáfu af Flóru Íslands (Stefán Stefánsson 1948) er alveg gefist upp við að lýsa íslenskum undafiflategundum. Þar með voru undafiflar í rauninni dottrir út úr íslensku flórunni. Tilraun Áskels Löve (Áskell Löve 1970) til að koma þeim inn aftur var misheppnuð vegna vanþekkingar á viðfangsefninu.

Í þessu kerfi eru mörg matsatriði. Sem dæmi vil ég taka ættkvíslardeilda Cerinthoidea. Í fyrri umfjöllun (Bergþór Jóhannsson 1989) slæ ég öllum smátegundum þeirrar deildar saman í eina stórtategund. Hér hef ég tegundirnar fjórar. Þessi deild er vel aðgreind frá öðrum deildum og sem ein stórtategund er um sérstakan skyldleikahóp að ræða. Ein tegund er því ekki út í hött. Mismunandi gerðir hennar eru hinsvegar oftast auðgreindar í sundur og hafa mismunandi útbreiðslu. Á Vestfjörðum finnst aðeins ein þessara gerða. Á Miðnorðurlandi finnast aðeins tvær.

Á Vesturlandi eru aðeins tvær. Á Suðurlandi eru aðeins tvær. Á Austurlandi eru þrjár þessara gerða algengar. Það sem réði úrslitum um það að ég tel þetta fjórar aðskildar tegundir var að á Austurlandi eru þessar gerðir einnig nokkuð auðgreindar í sundur. Mismunur þessara gerða virðist alls ekki stafa af mismunandi vaxtaraðstæðum eða öðrum slíkum þáttum. Til að greina þær í sundur þarf auðvitað að þekkja þær og einkenni þeirra en mér virðist það auðvelt og vafaeintök eru afar sjaldgæf. Staðbundin frávik frá dæmigerðum eintökum af þessum fjórum tegundum koma örsjaldan fyrir en það er oftast auðvelt að átta sig á til hvaða tegundar á að telja þau. Það er mat mitt að rétt sé að taka seinni kostinn, fjórar tegundir, fram yfir fyrri kostinn, sem væri ein tegund.

## ÚTBREIÐSLA

Tegundirnar hafa mismunandi útbreiðslu og eru misalgengar á útbreiðslusvæðinu. Útbreiðslukortin sýna þekkta útbreiðslu eftir þeim eintökum sem ég hef séð en þau sýna ekki nema að nokkru leyti hversu algeng tegundin er á mismunandi svæðum.

Áberandi suðlæga útbreiðslu hafa *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. og *H. pullicalicitum* Omang. Í sama höpi verður einnig að telja *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton, sem nær einnig norður eftir Austurlandi og *H. macrocomum* Dahlst., sem nær einnig norður eftir Vesturlandi. Þessar tegundir eru allar skyldar innbyrðis og mynda sérstakan skyldleikahóp sem engar aðrar íslenskar tegundir eru í. Þessi tegundahópur hefur vafalitið borist til landsins frá Bretlandseyjum eða Færeysjum.

Annar tegundahópur hefur borist hingað frá Bretlandseyjum eða Færeysjum en er með austlæga útbreiðslu, þ.e. *H. anglicum* Fries, *H. arctocerinthia* Dahlst. og *H. stoedvarensense* Omang. Fjórða tegundin í þeim skyldleikahópi, *H. leucodetum* Omang, hefur hinsvegar öndverða útbreiðslu. *H. stoedvarensense* Omang nær ekki út fyrir austurhluta landsins, *H. anglicum* Fries nær vestur í Fljótshlíð og *H. arctocerinthia* Dahlst. nær vestur á Snæfellsnes og hefur einnig fundist á örðfáum stöðum á Norðurlandi og á einum stað á Húnaflóasvæðinu. Annars hefur engin þessara tegunda fundist á Vestfjarðakjálkanum. *H. leucodetum* Omang er aftur á móti með norðvestlæga útbreiðslugerð, er á Vestfjörðum, Norðurlandi og Vesturlandi. Hún nær ekki lengra austur á Suðurlandi en á Þingvallasvæðið og hefur aðeins fundist á einum stað á Austfjörðum.

Fjórar tegundir virðast hafa svokallaða miðsvæðaútbreiðslu. Þetta eru norrænar eða skandinavískar tegundir. *H. thulense* Dahlst. er á

svæðinu Vestfirðir-Snæfellsnes og á Miðnorðurlandi, *H. elegantiforme* Dahlst. er á sömu svæðum en einnig á Austfjörðum. *H. magnidens* Dahlst. er með mjög svipaða útbreiðslu og *H. elegantiforme* Dahlst. *H. arrostocephalum* Omang vex aðeins á Norðurlandi.

Allar þær tegundir sem nú hefur verið minnst á hafa takmarkaða útbreiðslu, þ.e. þær vantar algerlega á stór svæði landsins. Engin þeirra nær heldur upp á hálendið. *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. hefur einnig takmarkaða útbreiðslu því tegundina vantar alveg á mikinn hluta Austurlands. Hana vantar liklega einnig á hálendið. Tegundin hefur nokkuð áberandi vestlæga útbreiðslu, er algeng á öllum vesturhluta landsins en er mjög dreifð á Suðurlandi og á austurhluta Norðurlands. Þessi tegund er bresk-skandinavísk.

*H. thaectolepium* Dahlst., sem er náskyld *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst., hefur einnig vestlæga útbreiðslugerð en útbreiðslan er þó ekki takmörkuð því hún finnst á hálendinu og er dreifð á Austurlandi, Norðurlandi og á meginhluta Suðurlands. Á Vestfjörðum, Vesturlandi og vesturhluta Suðurlands er þetta afar algeng tegund, liklega algengasta tegundin. Þessi tegund vex vafalitið einnig í Skandinavíu og á Bretlandseyjum og nær liklega talsvert inn á meginland Evrópu.

Útbreiðsla *H. acidotooides* Dahlst. er enn nokkuð óljós en tegundin er algeng á Austurlandi, virðist dreifð á Norðurlandi og á svæðinu Vestfirðir-Snæfellsnes. Tegundina virðist vanta alveg á suðurhluta landsins.

*H. holopleurum* Dahlst. er láglendistegund en er að öðru leyti nokkuð jafndreifð um landið. Þetta er eina tegundin sem hægt er að segja það um. Þessi tegundahópur vex um mestalla Mið- og Vestur-Evrópu.

*H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. hefur greinilega norðlæga útbreiðslu. Tegundin er algeng á Vestfjörðum og á Norðurlandi er þetta liklega algengasta tegundin. Annars staðar er hún dreifð en hún nær upp á hálendið. Hana virðist vanta að mestu á láglendið sunnanlands. Þessi tegund er af tegundahópi sem er útbreiddur um mestalla Evrópu.

*H. cretatum* Dahlst. og *H. phrixoclonum* (Omang) Omang eru láglendistegundir sem virðast ná nokkurn veginn hringinn en báðar eru með blettóttri útbreiðslu. Þær finnast á ákveðnum svæðum og koma oft fyrir í, að einhverju leyti, staðbundnum gerðum.

Fjallategundirnar eru þrjár, *H. alpinum* L., *H. lygistodon* Dahlst. og *H. stroemfeltii* Dahlst. Þær hafa allar svipaða útbreiðslu. *H. lygistodon* Dahlst. er þó algengasta tegundin og *H. stroemfeltii* Dahlst. er ófundin á suðvesturhluta landsins. Þetta eru náskyldar tegundir af norrænum uppruna.

## GREININGAR

Það er ekki unnt að nafngreina hvert einasta eintak, sérstaklega ef um er að ræða stök, afbrigðileg eða illa þroskuð eintök. Vel þroskuð, nokkuð dæmigerð, eintök á hver sá, sem fæst við nafngreiningar á háplöntum að ráða við. Útlið er þýðingarmesta einkennið. Tegundirnar eru því oft nokkuð auðþekktar í sjón. Á útlið sjást mjög mikilsverð einkenni, svo sem hvort plöntur eru með blaðhvifingu, mörgum eða fáum stöngulblöðum, hvort körfur eru smáar eða stórar, hversu loðnar plöntur eða ákveðnir plöntuhlutar eru og blaðlögun. Það einkenni sem fyrst og fremst þarf að skoða með stækkunarglerri er hæring reifa. Viðsjá kemur að enn betri notum. Það er mun auðveldara að skoða nákvæma hæringu reifa á pressuðum plöntum en lifandi. Litur á stilum er einnig einkenni sem er auðveldara að ráða við á pressuðum plöntum en lifandi. Aðalástæðan er að stílar sortna oft verulega við þurrkun, einkum dökkleitir stílar.

Tegundunum má að einhverju leyti raða saman í hópa. Þessir hópar eru sumir svo gjörólíkir að tegundum á alls ekki að vera hægt að rugla saman milli hópa.

### **Stöngulblöð mörg. Blaðgrunnur breiður. Kirtihár á reifum löng.**

*H. elegantiforme* Dahlst.

*H. phrixoclonum* (Omang) Omang

*H. thulense* Dahlst.

Þessar þrjár tegundir eru oftast auðþekktar í sundur. *H. thulense* Dahlst. er með 12 eða fleiri stöngulblöðum, jafnvel yfir 30, og mjög smáum körfum. Stílar eru dökkir. Kirtihár á reifum eru mjög löng og dökk. Blöðin eru með mjög breiðum, eyrðum grunni. Aldin er gult. Aldin annarra tegunda eru brún eða brúnleit. *H. thulense* Dahlst. er eiginlega stöðluð og auðþekkt tegund.

*H. elegantiforme* Dahlst. er breytilegri tegund. Stöngulblöð eru innan við 12. Blaðgrunnur er oftast breiður, stundum mjög breiður með eyrðum grunni. Blöðin eru oftast nálægt því að vera tígullaga, oft tennt. Kirtihár á reifum geta verið mislöng en eru oftast löng eða mjög löng, oft með gulum hnúð. Körfur oftast álika smáar og á *H. thulense* Dahlst. en geta verið heldur stærri. Stílar eru stundum ljósir, stundum dökkir og allt þar á milli.

*H. phrixoclonum* (Omang) Omang er yfirleitt auðgreindur frá *H. elegantiforme* Dahlst. Stöngulblöðin eru oft álika mörg en þau eru lensulaga, oftast lítið sem ekkert tennt og blaðgrunnur er oftast mjórri. Kirtihár á reifum eru löng eða nokkuð löng, venjulega dökk. Stílar eru oftast dökkir. Körfur eru að jafnaði heldur stærri en á *H. elegantiforme* Dahlst.

**Stöngulblöð mörg. Blaðgrunnur mjór. Kirtihár á reifum örstutt, gul.***H. demissum* (Strömf.) Dahlst.*H. macrocomum* Dahlst.*H. pullicalicitum* Omang*H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton

Stilar á þessum tegundum eru oftast gulir en geta verið dökkleitir, sérstaklega á *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. Körfur eru í meðallagi stórar. Reifar eru snöggar og reifablöð frekar snubbótt.

Á *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. eru stöngulblöðin fá, oftast 2-6, bláleit, stundum rauðleit, næstum heilrend eða dreift bugtennt. Jafnvel miðað við aðrar tegundir í þessum hópi eru reifar áberandi snöggar og reifablöð stutt, breið og snubbótt.

Á *H. macrocomum* Dahlst. eru stöngulblöð oftast 6-12, rauðleit eða bláleit, tennt, oft hvassstennt.

Á *H. pullicalicitum* Omang og *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton eru stöngulblöð oftast 5-9, aðeins smávegis örðótt eða óverulega smátennt.

Á *H. pullicalicitum* Omang eru blöð oftast græn en á *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton eru þau bláleit, rauðleit eða með rauðfjólubláum flekkjum. Reifar á *H. pullicalicitum* Omang eru oftast með heldur fleiri broddhárum neðan til en reifar á *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton. Blöð á *H. strictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton eru yfirleitt hlutfallslega mjórri en á *H. pullicalicitum* Omang og er blaðlögun því oft dálitið frábrugðin.

**Stöngulblöð 1-3, með greipfættum stilk. Körfur mjög smáar eða smáar. Kirtihár á reifum löng, dökk. Stilar dökkir.***H. arrostocephalum* Omang

Þessi tegund minnir um margt á *H. elegantiforme* Dahlst. með fáum stöngulblöðum. Plöntur eru með greinilegri blaðhvirsingu. Körfur eru smærri en á *H. stoedvarensse* Omang. Sú tegund likist *H. anglicum* Fries, sem minnir ekkert á *H. elegantiforme* Dahlst.

**Stöngulblöð 1-3, greipfætt eða með greipfættum stilk. Körfur oftast mjög stórar eða stórar, stundum í meðallagi stórar eða frekar smáar. Kirtihár á reifum löng. Stilar oftast dökkir.***H. anglicum* Fries*H. arcocerinthe* Dahlst.*H. leucodetum* Omang*H. stoedvarensse* Omang

Kirtihár á reifum eru oft mislöng. Þau geta verið dökk en þau geta einnig verið með áberandi gulum hnúð. Plöntur með greinilegri blaðhvirsingu.

*H. stoevarens* Omang er með smærri körfum en hinum tegundirnar og kirtihárin eru mest áberandi í hæringu reifa. Í útliti líkist hún oft *H. anglicum* Fries.

*H. anglicum* Fries er með stórum körfum og reifar eru kafloðnar af löngum broddhárum. Þau eru yfirgnæfandi hárgerð á reifum. Blöð eru oftast litið tennt.

*H. arctocerinthe* Dahlst. er með stórum körfum eða í meðallagi stórum. Stjarnhæring er oftast nokkuð áberandi í hæringu reifa en köfur eru þó kafloðnar af löngum broddhárum sem yfirgnæfa aðrar hárgerðir á reifum. Blöð eru meira tennt en á *H. anglicum* Fries og þau eru oftast áberandi tígullaga.

*H. leucodetum* Omang er með stórum körfum eða í meðallagi stórum. Reifar eru oftast gráloðnar af stjarnhárum sem yfirgnæfa aðrar hárgerðir. Talsvert er þó um löng broddhár á reifum. Blöð eru oftast litið tennt og oft snubbóttari en á hinum tegundunum.

**Reifar kafloðnar af löngum, beinum broddhárum. Kirtihár á reifum stutt, gul. Köfur stórar eða í meðallagi stórar. Stjarnhár oftast aðeins neðst á körfum, stundum einnig á jöðrum reifablaða. Stutt, gul kirtihár auðfundin á blaðröndum.**

*H. alpinum* L.

*H. lygistodon* Dahlst.

*H. magnidens* Dahlst.

*H. stroemfeltii* Dahlst.

Stöngulblöð oftast 1-3, geta verið fleiri, ekki greipfætt. Plöntur með blaðhvifingu. Stilar ljósir eða dökkir, á purruðum plöntum oftast annað hvort gulir eða svartir. Þessi tegundahópur er svo til alltaf auðþekktur frá öðrum hópum.

Á *H. magnidens* Dahlst. eru reifar stundum með greinilega stjarnhærðum reifajöðrum. Engin hinna tegundanna í þessum hópi er með slika hæringu á reifum. Stjarnhár eru þó oft aðeins neðst á körfum á *H. magnidens* Dahlst. Köfur eru oftast í afmarkaðri samstæðri körfuskipan. Blaðka hvifingblaða er vel afmörkuð frá stilk og blaðkan er oftast nokkuð þverstýfð að neðan og oft með stórum tönnum neðan til. Stilar eru dökkir. Hæring reifa er nokkuð breytileg innan tegundarinnar, einnig körfustærð og blaðlögun. Plöntur eru stundum aðeins með einni körfu en þær eru langoftast fleiri. Þetta eru oftast nokkuð stórvaxnar plöntur.

*H. stroemfeltii* Dahlst. er smávaxin tegund og köfur eru minni en á hinum tegundunum. Oft er aðeins ein karfa á stöngli en þær geta verið fleiri. Blöð eru litil. Blaðkan er nokkuð vel afmörkuð frá stilk og oft kringluleit.

Blöð eru oft svo til heilrend en eru stundum með nokkuð greinilegum tönnum neðan til. Stjarnhár aðeins neðst á körfum. Stílar dökkir.

*H. lygistodon* Dahlst. er með dökkum stílum. Stjarnhár eru aðeins neðst á körfum. Blöðin mjókka smám saman niður að stilk og eru oft verulega tennt neðan til en geta verið heilrend. Körfur eru oft áberandi stórar. Oft er aðeins ein karfa á stöngli en þær geta verið fleiri og eru körfur þá nær alltaf á löngum körfustilkum og körfuskipan ekki samstæð. Þetta er afar breytileg tegund. Blöð eru alloft rauðflekkott.

*H. alpinum* L. er með gulum eða gulleitum stílum. Nær undantekningarlaust er aðeins ein karfa á stöngli. Körfur eru oft áberandi stórar. Blöð mjókka smám saman niður að stilk og eru oftast svo til heilrend en geta verið bugtennt. Á mjög smávöxnum eintökum eru skil milli stilks og blöðku nokkru greinilegri og blaðkan getur þá verið kringluleit. Stjarnhár aðeins neðst á körfum. Plöntur stundum rauðleitar.

**Stílar dökkir. Reifablöð oft dökk í miðju en ljós á jöðrunum. Stöngulblöð oftast 1-4, geta verið fleiri, stilkurð, ekki greipfætt. Körfur í meðallagi stórar eða smáar. Blaðka mjókkar oftast smám saman niður að stilk.**

*H. hololeurum* Dahlst.

Broddhár á reifum eru oftast með áberandi dökkum grunni sem myndar oft dökka rák eftir miðju reifablaða. Jaðrar reifablaða eru oft gráloðnir af stjarnhárum og verða jaðrar reifablaða oft ljósir þess vegna. Reifar stundum allar gráloðnar af stjarnhárum. Kirtihár á reifum litið áberandi, frekar stutt eða stutt, dökk eða gulleit. Plöntur með blaðhvifingu.

**Stílar gulir eða gulleitir. Kirtihár á reifum stutt, gul. Plöntur með blaðhvifingu og oftast 2-4 stöngulblöðum. Þau neðstu oftast stilkurð. Blöð sporлага eða með fleyglaga grunni, oftast lítið tennt, oft bláleit. Stutt, gul kirtihár á blaðröndum. Reifar frekar snöggar.**

*H. microdon* (Dahlst.) Dahlst.

Reifablöð löng og frammjó. Körfur oftast í meðallagi stórar. Löng og gróf broddhár stundum á blaðröndum. Stundum er ekki nema eitt vel þroskað stöngulblað. Tegundin er skyld *H. thaectolepium* Dahlst. en flest eintök eru nokkuð auðgreind frá þeirri tegund. Dæmigerð eintök *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. eru með fleiri stöngulblöðum. Blaðlögun er önnur, sérstaklega er blaðgrunnur öðru viði. Þessar tegundir eru því oft auðþekktar í sundur á útliti.

**Stílar gulir eða gulleitir. Kirtihár á reifum stutt eða frekar stutt, oftast gul eða hálfglær. Plöntur með blaðhvifingu en oftast án stöngulblaða. Löng, gróf broddhár oftast á blaðröndum. Blaðka oftast þverstýfd að neðan og oft breiðust neðst. Körfur oftast í**

**meðallagi stórar eða stórar.** Stutt, gul kirtihár á blaðröndum. Reifablöð löng og mjó, oft með ljósnum, hrokknun broddhárum. Stjarnhár oft talsvert áberandi í hæringu reifa.

*H. thaectolepium* Dahlst.

Plöntur eru stöku sinnum með einu stóru stöngulblaði. Blöð eru oft áberandi tennt neðan til en geta verið heilrend. Reifablöð geta verið mislit, dökk í miðju en með ljósari jöðrum. Þessi tegund er oftast nokkuð auðgreind frá næstu þrem tegundum, sérstaklega á hæringu reifa og lit á stil. Gulir stílar og stutt, gulleit kirtihár á reifum eru einkennandi fyrir hana. Þessi einkenni geta þó verið nokkuð breytileg. Tegundirnar sem hér fara á eftir geta einnig verið með gulleitum stílum en oftast eru þeir dekkri. Þegar löngu, grófu broddhárin eru áberandi á blaðröndum eru þau einnig gott einkenni.

**Plöntur oftast án stöngulblaða.** Kirtihár á reifum dökk, oftast löng eða í meðallagi löng. Stílar oftast dökkleitir en geta verið gulleitir.

**Reifablöð löng og mjó.** Körfur smáar eða frekar smáar.

*H. acidotoides* (Dahlst.) Dahlst.

*H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst.

*H. cretatum* Dahlst.

Plöntur eru stundum með einu stöngulblaði sem oftast er lítið. Blaðgrunnur oftast nokkuð þver. Blöð lítið hærð.

Á *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. eru kirtihár á reifum löng eða mjög löng og eru kirtihár mest áberandi hárgerð á reifum. Hnúðurinn getur verið gulur en annars eru hárin svört. Broddhár lítið áberandi í hæringu reifa. Reifar eru dökkar. Körfur eru smáar eða mjög smáar. Stílar á þurrkuðum plöntum oftast gulmórauðir eða grámórauðir. Blöð eru oftast tennt en geta verið heilrend. Blaðgrunnur oftast nokkuð þver.

Á *H. cretatum* Dahlst. eru kirtihár á reifum stutt eða frekar stutt, dökk. Stílar eru frekar dökkir, oftast mórauðir. Körfur smáar. Hæring reifa nokkuð breytileg. Kirtihárin eru lítið áberandi. Stundum eru reifar gráloðnar af stjarnhárum en stundum eru broddhárin nokkuð áberandi, einkum neðst á körfum. Blöðin eru oft hjartalaga, stundum sporлага eða eggлага. Neðstu tennur vísa oftast niður á við. Stundum eru blöðin frekar sepótt en tennt neðst. Hjartalaga grunnur blaðanna er gott einkenni þegar hann er greinilegur.

*H. acidotoides* (Dahlst.) Dahlst. er oftast án stöngulblaða. Kirtihár á reifum eru í meðallagi löng, dökk. Kirtihárin eru ekki yfirgnæfandi í hæringu reifa eins og á *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. Ljós, stundum hrokkin, broddhár eru oft nokkuð áberandi neðst á körfum. Stjarnhár geta verið nokkuð áberandi á jöðrum reifablaða. Körfur smáar eða frekar smáar. Blaðgrunnur oftast nokkuð þver. Stílar á þurrkuðum


plöntum gulmórauðir eða grágulir yfir í það að vera mórauðir eða grásvartir. Tennur neðst á blöðum geta visað þvert út frá blaðrönd en ekki niður á við.

Teikningarnar sem fylgja hér á eftir eru til þess ætlaðar að unnt sé að átta sig á últiti nokkuð dæmigerðra eintaka þessara tegunda. Þeir sem reyna við greiningar á íslenskum undasiflum ættu að lita á þær um leið, til samanburðar við þau eintök sem þeir eru með í höndunum. Allar tegundirnar eru eitthvað breytilegar, að visu mismunandi mikið. Breytileiki þeirra kemur því ekki vel fram með þeim fáu teikningum sem hér eru sýndar. Teikningunum er raðað í stafrófsröð þeirra latnesku nafna sem hér eru notuð. Náskyldar tegundir eru því ekki hlið við hlið. Menn ættu heldur ekki að greina eingöngu eftir últiti meðan þeir þekkja ekki tegundirnar heldur lesa jafnframt lýsingarnar og athuga hvort helstu einkennin tegundarinnar geta átt við viðkomandi eintök.

Útbreiðslukortum er einnig raðað í stafrófsröð latneskra nafna. Á útbreiðslukortin eru einungis teknir þeir fundarstaðir sem ég hef séð eintök frá sem ég tel að séu af viðkomandi tegund. Við greiningar er rétt að hafa útbreiðslukortin einnig í huga. Menn ættu t.d. að athuga sinn gang ef þeir telja sig hafa fundið *H. elegantiforme* Dahlst. á Suðurlandi eða *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. á Norðurlandi. Útbreiðsla þessara tegunda er hvergi nærri fullkönnuð. Einnig ber að hafa í huga að hér eru teknir með fundir í heila öld. Útbreiðsla einhværra tegunda hefur getað breyst eitthvað frá upphafi þess tíma til loka. Þess má einnig geta að mér virðist sem ákveðnar vaxtargerðir af sumum tegundum hafi verið eða séu meira áberandi á einum tíma en öðrum. Mér er ekki ljóst hver ástæða þess er en ýmsar ástæður gætu komið til greina.

## ÞAKKIR


Dóra Jakobsdóttir og Erling Ólafsson lásu handrit og lagfærðu. Erling sá um endanlegan frágang handrits. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir góða samvinnu.



1. mynd. *H. acidotooides* - Merkurfifill.



2. mynd. *H. alpinum* - Fellafifill.



3. mynd. *H. anglicum* - Klausturfifill.



4. mynd. *H. aquiliforme* - Arinfifill.



5. mynd. *H. arctocerinthia* - Tigulfifill.



6. mynd. *H. arrostocephalum* - Ingimarsfifill.



7. mynd. *H. cretatum* - Vallafifill.




8. mynd. *H. demissum* - Skallafifill.



9. mynd. *H. elegantiforme* - Glæsifill.



10. mynd. *H. hololeurum* - Runnafifill.




11. mynd. *H. leucodetum* - Hærufifill.



12. mynd. *H. lygistodon* - Vargsfifill.



13. mynd. *H. macrocomum* - Brekkufifill.



14. mynd. *H. magnidens* - Kvíslfifill.



15. mynd. *H. microdon* - Holtafifill.




16. mynd. *H. phrixoclonum* - Kögurfiðill.



17. mynd. *H. pullicalicitum* - Skeggfifill.



18. mynd. *H. stictophyllum* - Blettafifill.




19. mynd. *H. stoedvarensen* - Stöðvarfifill.




20. mynd. *H. stroemfeltii* - Vinafifill.




21. mynd. *H. thaectolepium* - Hliðafifill.




22. mynd. *H. thulense* - Skrautfifill.




23. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. acidotooides*.




24. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. alpinum*.




25. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. anglicum*.




26. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. aquiliforme*.




27. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. arctocerinthae*.




28. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. arrostocephalum*.




29. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. cretatum*.




30. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. demissum*.




31. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. elegantiforme*.




32. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. hololeurum*.




33. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. leucodetum*.




34. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. lygistodon*.




35. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. macrocomum*.




36. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. magnidens*.




37. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. microdon*.




38. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. phrixoclonum*.




39. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. pullicalictum*.




40. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. stictophyllum*.




41. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. stoedvarensense*.



42. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. stroemfeltii*.



43. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. thaectolepium*.



44. mynd. Þekkt útbreiðsla *H. thulense*.

## HEIMILDIR

- Áskell Löve 1945. Íslenskar jurtir. Kaupmannahöfn.
- Áskell Löve 1970. Íslensk ferðaflóra. Reykjavík.
- Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar. Fjölrít Náttúrufræðistofnunar 10. 262 s.
- Dahlstedt, H. 1904. Beiträge zur Kenntnis der *Hieracium*-Flora Islands. Ark. Bot. 3(10). Stockholm.
- Helgi Jónsson 1896. Bidrag til Öst-Islands Flora. Bot. Tidskr. 20: 327-357.
- Helgi Jónsson 1899. Floraen paa Snæfellsnes og Omegn. Bot. Tidskr. 22: 169-207.
- Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970. Reitskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. Náttúrufr. 40: 58-65.
- Ingimar Óskarsson 1957. Descriptions of new *Hieracium* species from Iceland. Soc. Scient. Isl. 31. Reykjavík.
- Ingimar Óskarsson 1963. Glæsifill, *Hieracium elegantiforme* Dahlst. Náttúrufr. 33: 148-165.
- Ingimar Óskarsson 1966. Synopsis and revision of Icelandic Hieracia. Soc. Scient. Isl. 37. Reykjavík.
- Ingimar Óskarsson 1973. A new *Hieracium* species found in North Iceland (Eu-Hieracia - Sect. Alpina). Acta Bot. Isl. 2: 64-66.
- Ingimar Óskarsson 1976. Ný íslensk undafílistegund, *Hieracium paulsonii*. Náttúrufr. 45: 183-185.
- Ingimar Óskarsson 1979. A new *Hieracium* species found in South Iceland (Eu-Hieracia - Sect. Tridentata). Acta Bot. Isl. 5: 71-72.
- Omang, S.O.F. 1938. Monographische Bearbeitung der Hieracien Islands. Skr. Vid.-Akad. Oslo 3.
- Sell, P.D. & C. West 1976. *Hieracium* i Tutin et al. (edit.). Flora Europaea 4: 358-410. Cambridge.
- Stefán Stefánsson 1901. Flóra Íslands. Kaupmannahöfn.
- Stefán Stefánsson 1924. Flóra Íslands, 2. útg. Kaupmannahöfn.
- Stefán Stefánsson 1948. Flóra Íslands, 3. útg. Akureyri.
- Zahn, K.H. 1921-1923. *Hieracium* i A.Engler. Das Pflanzenreich, Regni vegetabilis conspectus IV. 280. Leipzig. 1705 s.

## SUMMARY

### Further notes on the genus *Hieracium L.* in Iceland

by Bergthor Johannsson  
Icelandic Institute of Natural History  
P.O.Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland

All specimens of *Hieracium L.* kept in the herbaria of Icelandic Institute of Natural History in Reykjavík and Akureyri have been investigated. Drawings and distribution maps are shown for all accepted species. The distribution maps are solely based on specimens seen by the author. The genus *Pilosella* Hill is not treated here. The fundamental work of Oskarsson (1966) is selected as basis for the authors treatment. With later additions (Oskarsson 1973, 1976, 1979) he listed 176 Icelandic species of *Hieracium L.* when *Pilosella* Hill is excluded. In a former treatment the present author (Johannsson 1989) proposed a practical system of 19 Icelandic species. That system is revised and now the author proposes a system of 22 Icelandic species. The circumscription of several species is almost unchanged from the former treatment. In the section "Cerinthoidea" accepted species are now 4 instead of 1, in the section "Vulgata Silvatica" the accepted species are 3 instead of 1. In the section "Alpina" the species proposed now are 3 instead of 4 and in the section "Nigrescentia" 1 instead of 2. It is admitted that further investigations are needed in some groups. The section "Alpina" seems to be the most problematic group. The aim of this investigation was to create a practical system of "species", containing closely related entities, recognizable to a well trained botanist. Most specimens studied in the field or recently collected have proved to be rather easily referable to one of these 22 "species" but some specimens may be troublesome and difficult. There are differences in habitat and distribution between the species. *H. hololeurum* Dahlst. often grows in woods and gorges but *H. thaectolepium* Dahlst. in lavafields, roadsides and on mountaine slopes. Many species have a restricted distribution. Some, e.g. *H. demissum* (Strömf.) Dahlst. and *H. pullicalicitum* Omang, have a distinct southern distribution, *H. stoevarensse* Omang is confined to East-Iceland and *H. elegantiforme* Dahlst. and *H. magnidens* Dahlst. are only found in three separated areas, in the northwestern part of the country, in the central part of North-Iceland and in the fjords of East-Iceland. Most of the widely distributed species are more common in some parts of the country than in others. *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. has not been found in a great part of East-Iceland. *H. thaectolepium* Dahlst. is very common in the western part of the country but is more sparse elsewhere. *H. aquiliforme* Dahlst.) Dahlst. is distinctly more common in North- and Northwest-Iceland than in other parts of the country. On the other hand *H. hololeurum* Dahlst. seems to be about equally frequent in most of the

lowland areas. Most of the 22 "species" recognized here are variable but some, e.g. *H. thulense* Dahlst. are almost stenotypic. Some of the Icelandic species are obviously species occurring in Scandinavia or in the British Isles, e.g. *H. alpinum* L., *H. anglicum* Fries, *H. stictophyllum* Dahlst. ex W.R.Linton and *H. thulense* Dahlst. The present author is convinced that some other Icelandic species are conspecific with species in Scandinavia or the British Isles, e.g. *H. hololeurum* Dahlst., *H. macrocomum* Dahlst., *H. microdon* (Dahlst.) Dahlst. and *H. thaectolepium* Dahlst., but is in no position to decide which names should be used. Hence the names used by Oskarsson and other authors are kept for the Icelandic specimens.

# FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosaættkvíslir. 35 s.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947-1948. 31 s.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess. 49 s.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagosin 1902-1910. 40 s.
5. Erling Ólafsson 1988. Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal. 86 s.
6. Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. 16 s.
7. Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988. Aldur Illahrauns við Svartsengi. 11 s.
8. Sigmundur Einarsson og Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Arnarseturshrauns á Reykjanesskaga. 15 s.
9. Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. 12 s.
10. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undaffljar. 262 s.
11. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1989. Vetrarfuglatalningar: Skipulag og árangur 1987. 42 s.
12. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir mosar. Barnamosaætt. 94 s.
13. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Sótmosaætt og haddmosaætt. 71 s.
14. Erling Ólafsson 1990. Ritverk um íslensk skordýr og aðra hópa landliðdýra. 34 s.
15. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Slæðumosaætt, bólmosaætt, taðmosaætt og hettumosaætt. 80 s.
16. Bergþór Jóhannsson 1990. Íslenskir mosar. Krónumosaætt, næfurmosaætt, tæfilmosaætt, brámosaætt, skottmosaætt og hnotmosaætt. 44 s.
17. Erling Ólafsson 1991. Íslenskt skordýratal. 69 s.
18. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1991. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1988. 38 s.
19. Bergþór Jóhannsson 1991. Íslenskir mosar. Brúskmosaætt. 119 s.
20. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Vendilmosaætt, sverðmosaætt, fjöldurmosaætt og bikarmosaætt. 78 s.
21. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Grýtumosaætt. 122 s.
22. Bergþór Jóhannsson 1992. Íslenskir mosar. Klukkumosaætt, dægurmosaætt og fleira. 47 s.
23. Ævar Petersen og Gaukur Hjartarson 1993. Vetrarfuglatalningar: Árangur 1989. 43 s.

24. Bergþór Jóhannsson 1993. Íslenskir mosar. Skeggmosaætt. 116 s.
25. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992. 126 s.
26. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Skænumosaætt, kollmosaætt, snoppumosaætt, perlumosaætt, hnappmosaætt og toppmosaætt. 129 s.
27. Bergþór Jóhannsson 1995. Íslenskir mosar. Hnokkmosaætt. 162 s.
28. Jón Hallur Jóhannsson og Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. 76 s.
29. Bergþór Jóhannsson 1996. Íslenskir mosar. Röðulmosaætt, tildurmosaætt, glítmosaætt, faxmosaætt, breytingar og tegundaskrá. 127 s.
30. Bergþór Jóhannsson 1996. Íslenskir mosar. Fossmosaætt, ármosaætt, flosmosaætt, leskjumosaætt, voðmosaætt og rjúpumosaætt. 55 s.
31. Ingi Agnarsson 1996. Íslenskar köngulær. 175 s.
32. Erling Ólafsson og Hálfðán Björnsson 1997. Fiðrildi á Íslandi 1995. 136 s.
33. Bergþór Jóhannsson 1997. Íslenskir mosar. Lokkmosaætt. 83 s.
34. Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Rytjumosaætt. 126 s.
35. Ingi Agnarsson 1998. Íslenskar langfætlur og drekar. 34 s.
36. Bergþór Jóhannsson 1998. Íslenskir mosar. Breytingar og skrár. 101 s.
37. Gunnlaugur Pétursson og Gunnlaugur Þráinsson 1999. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi fyrir 1981. 246 s.
38. Bergþór Jóhannsson 1999. Íslenskir mosar. Hornmosar og 14 ættir soppmosa. 108 s.
39. Ólafur K. Nielsen 1999. Vöktun rjúpnastofnsins. 55 s.
40. Erling Ólafsson 2000. Landliðdýr í Þjórsárvverum. Rannsóknir 1972-1973. 159 s.
41. Bergþór Jóhannsson 2000. Íslenskir mosar. Lápmosaætt, kólfmosaætt og væskilmosaætt. 151 s.
42. Bergþór Jóhannsson 2001. Íslenskir mosar. Bleðlumosaætt og leppmosaætt. 100 s.
43. Bergþór Jóhannsson 2002. Íslenskir mosar. Refilmosabálkur og stjörnumosabálkur. 70 s.
44. Bergþór Jóhannsson 2003. Íslenskir mosar. Skrár og viðbætur. 135 s.
45. Helgi Hallgrímsson og Guðrís Þorláksson 2004. Íslenskt sveppatal I. Smásveppir. 189 s.
46. Bergþór Jóhannsson 2004. Undafiflar á ný. 88 s.



<http://www.ni.is>

Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 5900500 Bréfasími 5900595 Netf. ni@ni.is  
Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 4600500 Bréfasími 4600501 Netf. nia@ni.is

**Prentstofan Stell ehf.**